



EYJAFRÉTTIR

29. 01. 2026 • 53. árg. • 01. tbl. • www.eyjafrettir.is • kr. 1.590




Mynd: Guðmundur Gíslason

Vera Björk og Hjalti
Eyjafólk ársins 15



2

Hár lögfræði-
kostnaður
hjá bænum



10

Hár í Tyrklandi



6

Þrír grjótharðir

Minnsta mál í appinu



Fækkun sjúkrafluga milli lands og Eyja

Alls voru 79 sjúkraflug flogin milli lands og Vestmannaeyja á árinu 2025, samkvæmt upplýsingum frá Norlandair. Um er að ræða verulega fækkun frá árinu 2024 þegar sjúkraflug á sömu leið voru 153 talsins. Eyjafréttir hafa enn ekki fengið endanlegar tölur frá Landhelgisgæslunni fyrir árið 2025, en gert er ráð fyrir að hluti fluganna hafi verið á hennar vegum líkt og undanfarin ár. Tölur í þessari samantekt byggja því á upplýsingum frá Norlandair.

Metár árið 2024

Á árinu 2024 var um metár í sjúkraflugi milli lands og Eyja að ræða. Samkvæmt tölum frá Sjúkratryggingum Íslands voru þá alls 153 sjúkraflutningar á leiðinni. Norlandair, sem tók við sjúkraflugi á landinu í byrjun árs 2024 af Mýflugi, sinnti 142 ferðum með sjúklunga milli lands og Eyja það ár. Þar af voru 106 ferðir frá Vestmannaeyjum og 36 ferðir til Eyja. Að auki sinnti Landhelgisgæslan 11 sjúkraflugsverkefnum á sömu leið.

Tölur sýna að fjöldi sjúkrafluga milli lands og Vestmannaeyja hefur sveiflast töluvert undanfarin ár:

Mýflug/Norl. / Landhg.

2020: 107 flug / 9 flug
2021: 105 flug / 10 flug
2022: 123 flug / 19 flug
2023: 95 flug / 17 flug
2024: 142 flug / 11 flug

Ef tölur Norlandair fyrir árið 2025 standast þegar gögn Landhelgisgæslunnar liggja fyrir, bendir allt til þess að veruleg fækkun hafi orðið í sjúkraflugi milli lands og Eyja á milli ára.

Góð sætanýting í áætluarflugi Norlandair til Eyja

Norlandair hóf áætlunarflug milli lands og Vestmannaeyja 1. desember 2025. Þegar Eyjafréttir fengu tölur frá flugfélaginu um miðjan janúar höfðu verið farnar 26 ferðir á leiðinni og var sætanýting að meðaltali 71%.

Samkvæmt upplýsingum frá flugfélaginu er nýtingin betri í flugi til Vestmannaeyja, þar sem hún mælist 77%, en 66% í flugi frá Vestmannaeyjum.

Bærinn eignfærir lögfræðikostnað

Var lögfræðikostnaðurinn vegna deilu bæjarins við VSV eignfærður?



TRYGGVI MÁR
SÆMUNDSSON
tryggvi@eyjafrettir.is

Eyjafréttir óskuðu eftir upplýsingum frá Vestmannaeyjabæ um lögfræðikostnað. Bærinn synjaði Eyjafréttum um nánari sundurliðun lögfræðikostnaðarins niður á hvaða mál eða verkefni kostnaðurinn tengdist með vísan til þess að slík samantekt myndi krefjast verulegrar handvirkar vinnu.

Eyjafréttir óskuðu eftir sundurliðun lögfræðikostnaðar síðustu tveggja ára, meðal annars eftir upplýsingum um hvaða mál þjónustan tengdist, hvort um væri að ræða einstök verkefni eða reglubundna þjónustu og hvort mál væru enn í vinnslu. Vestmannaeyjabær varð við beiðni um heildarkostnað og sundurliðun eftir lögmansstofum, en synjaði öðrum liðum beiðninnar með vísan til 15. gr. upplýsingalaga.

Leituðu langmest út fyrir bæjarmörkin

Í sundurliðuninni kemur fram að greitt var til fjölda lögmansstofa og lögfræðiaðila. Hæstar greiðslur fóru til lögmansstofunnar LOGOS slf. og AX Lögmansþjónusta slf. Greiðslur til Lögmansstofu Vestmannaeyja námu tæpum sex milljónum króna á tveimur árum.


Af heildarlögfræðikostnaði Vestmannaeyjabæjar á tímabilinu fóru því aðeins um 9% til lögmansstofu með starfsemi í Vestmannaeyjum.

Var kostnaður vegna deilu bæjarins við VSV eignfærður?

Við yfirferð Eyjafrétta á opnu bókhaldi Vestmannaeyjabæjar komu fram mun hærri greiðslur til LOGOS en þær sem birtust upphaflega í afhentum gögnum. Samkvæmt opnu bókhaldi námu greiðslur til LOGOS rúmlega 32 milljónum króna á árunum 2024 og 2025 en afhent gögn sýndu eingöngu 12 milljónir fyrir sama tímabil.

Bærinn leitar upp á land eftir lögfræðiþjónustu

Eingöngu 9% af lögfræðikostnaði bæjarins er frá þjónustu í Eyjum



Lögfræðistofa	2024	2025	Alls	%
LOGOS slf.	21.648	10.759	32.407	51%
AX Lögmansþjónusta slf.	0	7.266	7.266	11%
Lögmenn Suðurlandi ehf.	5.647	835	6.482	10%
Lögmansstofa Vestmannaeyja ehf.	2.651	3.344	5.995	9%
LLG Lögmenn ehf.	0	4.027	4.027	6%
Consensa ehf.	3.954	40	3.994	6%
Heiðar Ásberg Atlason	0	2.094	2.094	3%
EH Legal slf.	60	1.152	1.212	2%
Alls	33.960	29.517	63.477	100%
Þar af gjaldfærður kostnaður	17.121	26.105	43.226	68%
Þar af eignfærður kostnaður	16.839	3.412	20.251	32%

Í samtali við Eyjafréttir skýrði Drífa Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs Vestmannaeyjabæjar, að mismunurinn á tölum í afhentum gögnum og opnu bókhaldi helgaðist af eignfærðum lögfræðikostnaði vegna neysluvatnslagnar 3 og 4. Sá kostnaður væri bókaður sem hluti af stofnkostnaði framkvæmdanna en ekki færður sem rekstrarlegur lögfræðikostnaður.

Neysluvatnslögn 3 skemmdist illa árið 2023 þegar akkeri Hugins VE fór í það. Í undirbúningi er neysluvatnslögn 4.

Það er mat bæjarins að of mikil

vinna sé að brjóta lögfræðikostnað niður á tiltekin mál. Í framhaldi af því afhendir bærinn gögn sem eru röng þar sem 20 milljóna lögfræðikostnað vantar í upptalninguna. Það er útskýrt í símtali að sá kostnaður hafi verið vegna undirbúningsvinnu á neysluvatnslögn 4 og einnig vegna hinnar skemmdu neysluvatnslagnar 3.

Miðað við ofangreint er varla annað hægt en að álykta að kostnaðurinn sé að mestu leyti vegna deilu bæjarins við Vinnslustöðina um ábyrgð á skemmdinni enda er um að ræða 20 milljóna kostnað sem kemur að mestu til árið 2024.

Spennandi tímar

Eftir ánægjulegt og farsælt samstarf við Hús fasteignasölu hef ég ákveðið að fara eigin leiðir og mun nú starfa sjálfstætt undir heitinu Eyjaeignir. Vefsíðan er eftir sem áður **eyjaeignir.is** en er nú í bættri útgáfu.

Ég vil þakka Snorra, Sigrúnu og öðru samstarfsfólki hjá Hús fasteignasölu fyrir samstarfið síðastliðin 4 ár og óska þeim alls hins besta, mæli eindregið með þeim ef þið þurfið fagfólk til að selja fyrir ykkur á fastalandinu.

Um leið vil ég þakka eyjamönnum fyrir frábærar viðtökur síðastliðin ár. Framundan eru spennandi tímar í Vestmannaeyjum og ég hlakka til að halda áfram að veita góða þjónustu. Það er mikil hreyfing á fasteignamarkaðinum í eyjum um þessar mundir og hvet ég þá sem eru í kaup og söluhugleiðingum að hafa samband.

Halldóra Kristín Ágústsdóttir
Löggiltur fasteigna og skipasali og Viðskiptafræðingur



dora@eyjaeignir.is | 861 1105 | Strandvegur 43a, 900 Vestmannaeyjar | eyjaeignir.is

Við sendum Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum innilegar hamingjuóskir með menntaverðlaunin!



Til hamingju FÍV!



Alex Freyr Hilmarsson Íþróttamaður Vestmannaeyja



KRISTÍN ERNA
SIGURLÁSDÓTTIR
kristin@eyjafrettir.is

Íþróttamaður ársins, 2025 var í síðustu viku valinn af Íþróttabandalagi Vestmannaeyja. Heiðurinn hlaut Alex Freyr Hilmarsson, knattspyrnumaður ÍBV, fyrir framúrskarandi árangur á síðasta ári. Íþróttafólk æskunnar var einnig valið, þar voru valin Tanja Harðardóttir í flokki yngri iðkenda í handbolta og fótbolta og Elís Þór Aðalsteinsson í flokki eldri iðkenda í handbolta.

Einnig voru veittar fleiri viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í íþróttum hér í Eyjum. Hér má sjá hverjir voru valdir bestir af aðildarfélagunum:

Fimleikafélagið Rán: Rakel Rut Rúnarsdóttir, Golfklúbbur Vestmannaeyja: Örlygur Helgi Grímsson, Handboltafólk ársins: Dagur Arnarsson og Birna Berg Haraldsdóttir, Fótboltafólk ársins:



Alex Freyr Hilmarsson, knattspyrnumaður í meistaraflokki ÍBV var valinn íþróttamaður Vestmannaeyja 2025. Hér er hann með Gunnari Páli formanni ÍBV-Héraðssambands

Alex Freyr Hilmarsson og Olga Sevcova, Íþróttafélagið Framherjar Smástund/KFS: Alexander Örn Friðriksson, Íþróttafélagið Ægir: Guðni Davíð Stefánsson, Karatefélag Vestmannaeyja: Eiður Sævar

Árnason, Pílufélag Vestmannaeyja: Rúnar Gauti Gunnarsson, Skotfélag Vestmannaeyja: Sigurbjörn Adolffson og Sundfélag Vestmannaeyja: Anna Wanecka. Eyjafréttir óskar öllu því íþróta-

fólki, þjálfurum og öðrum sem koma að innilega til hamingju með viðurkenningarnar.

Þá má geta þess að í tilefni af 80 ára afmæli Íþróttabandalags Vestmannaeyja ákvað stjórn ÍBV Héraðssambands að færa aðildarfélagum sínum sérstaka afmælisgjöf. Samtals verður úthlutað 5 milljónum króna til félaganna.

Helmingur upphæðarinnar, 2,5 milljónir króna, skiptist jafnt á milli allra aðildarféлага. Hinn helmingurinn skiptist samkvæmt hlutfalli iðkenda 18 ára og yngri, enda er markmiðið að styðja sérstaklega við barna- og ungmennastarf innan félaganna.

Með þessari afmælisgjöf vill ÍBV undirstrika mikilvægi öflugs félagsstarfs og þakka þeim fjölmörgu sjálfbodaliðum, þjálfurum og stjórnarfólki sem leggja sitt af mörkum til íþróttastarfs í Eyjum.

>> Sjá má nánari umfjöllun og myndir frá afhendingunni á vefnum okkar eyjafrettir.is

Eyjamaðurinn

ELÍS ÞÓR AÐALSTEINSSON

Þeir skora sem þóra

Elís Þór Aðalsteinsson handboltamaður, íþróttamaður æskunnar eldri, er Eyjamaðurinn að þessu sinni.

Aldur? 18 ára.

Fjölskylduhagir? Mamma (Katrín) og pabbi (Aðalsteinn), tvær systur Eva og Telma og síðan á ég líka hund.

Hvaða þýðingu hefur það fyrir þig að vera valinn íþróttamaður æskunnar?

Það er heiður að fá að vera valinn íþróttamaður æskunnar og er ég þakklátur fyrir að hafa unnið það og hvetur mann til að gera en betur.

Hvernig er venjulegur dagur í þínu lífi? Hann er oftast mjög svipaður: skóli-lyftingar-æfing og síðan reynir maður að slaka aðeins á.

Aðal áhugamál fyrir utan íþróttir? Að ferðast getur verið veisla.

Síðasta hámhörfið? Absentia á Netflix (mæli með).

Hver er þín helsta fyrirmynd í



Elís Þór tekur á móti viðurkenningunni frá Gunnari Páli formanni ÍBV.

íþróttum? Ómar Ingi Magnússon er mín helsta fyrirmynd.

Mottó? Þeir skora sem þóra.

Hvert stefnir þú handboltanum?

Ég stefni eins langt og hægt er.

Hvað óttast þú mest? Meiðsli.

Hvað hefur staðið upp úr á tímabilinu hingað til? Leikurinn á móti Aftureldingu í deild hefur staðið upp úr hingað til.

Hvaða þrjá einstaklinga tækir þú með á eyðieyju og af hverju? Ætli maður tæki ekki Jón Gunnar fyrir fyrir góðan vinskapi,

Ólaf Má, alltaf stutt í grínið á þeim bæ og Birkir til að koma smá viti í þennan hóp.

Sturluð staðreynd um sjálfan þig? Nota hægri í allar íþróttir nema handbolta.

Hefur þú stundað aðrar íþróttir en handbolta? Já fótbolta, golf og sund.

Hvenær byrjaðir þú að æfa handbolta? Held ég hafi verið 5 ára.

Hvað er velgengni fyrir þér?

Velgengni fyrir mér er þegar maður er búin að vera leggja mikið á sig og æfa vel og þegar þeir hlutir byrja að sýna sig í árangri inn á velli.

Eitthvað að lokum? Hlakka til að sjá alla mæta aftur á völlinn í feb.

Upphitun sem lofar sannkallaðri Þjóðhátíðarveislu



**TRYGGVI MÁR
SÆMUNDSSON**
tryggvi@eyjafrettir.is

Telja má niður í stærsta party ársins þegar Þjóðhátíðarupphitun 2026 fer fram – tónleikar sem ætlaðir eru til að kveikja í brekkusöngsandanum og hita landsmenn rækilega upp fyrir Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Með Stuðlabandið í fararbroddi og fjölbreyttan hóp vinsælla listamanna á sviði verður boðið upp á lög sem hafa markað Þjóðhátíð þessarar aldar, ásamt ómissandi sígildum smellum. Hér er greinilega um meira en hefðbundna tónleika að ræða – heldur upphaf að sturluðu Þjóðhátíðarsumri 2026.

Hugmynd sem var lengi í mótn

Þjóðhátíðarupphitun er stórt verkefni og að sögn tónleikahaldarans, Bjarna Ólafs Guðmundssonar hefur hugmyndin verið lengi í mótn. Hún kviknaði fyrir nokkrum árum, en nú fannst honum rétti tíminn kominn. Eyjatónleikarnir eru settir í hvíld í bili og með þessu er komið til móts við þá sem töldu janúar ekki heppilegan tíma fyrir slíka viðburði og vildu frekar sjá þá færða yfir í mars. „Ég vildi hafa ÍBV með mér í þessu verkefni og fannst steinliggja að fá Marínó og félagi



Stuðlabandið á Þjóðhátíð.

í Stuðlabandinu með í það,“ segir Bjarni. „Þeir eru hagvanir á sviðinu í Herjólfsdal og þekkja þessa tónlist út og inn.“

Frá upphafi hafi einnig verið skýr sýn á inntak dagskrárinnar. „Það var alltaf hugmyndin hjá mér að stíla meira inn á Þjóðhátíðarlögin okkar, sérstaklega þau nýjustu. Ég vildi breyta aðeins dínamikinni sem við höfum verið að vinna með og gera þetta að alvöru upphitun fyrir Þjóðhátíð – meira party.“

Þjóðhátíðarlögin í forgrunni

Sérstök áhersla er lögð á Þjóðhátíðarlög þessarar aldar og telur Bjarni þar vera vannýttan fjársjóð. Hann segist jafnvel hafa kvartað undan því að ekki sé sungið nægilega mikið af þessum lögum í

Herjólfsdal á sjálfri Þjóðhátíðinni.

„Þetta er vissulega misjafnt milli ára, en að mínu mati eigum við að gera miklu meira af þessu á hverju einasta ári,“ segir hann. Nýju lögin séu mörg hver stærri, kraftmeiri og bjóði upp á meira fjör og meira party.

Allur pakinn: stuð, söngur og stemning

Listamannalistinn er bæði fjölbreyttur og sterkur, með Magnúsi Kjartani, Jóhönnu Guðrúnu, Hreimi, Jónsa, Söru, Unu og Emmsjé Gauta. Að sögn Bjarna Ólafs var valið þó tiltölulega einfalt.

„Öll hafa þau unnið með okkur áður í Hörpunni, elska Þjóðhátíð og við vildum hafa fjölbreytni í hópnum,“ segir hann. Hann bætir

við að margir aðrir hefðu auðveldlega getað komið til greina, enda hafi nánast allir vinsælustu söngvarar Þjóðarinnar stigið á sviði í Dalnum og eigi sterka tengingu við þessa tónlist.

Stuðlabandið heldur utan um kvöldið og lofar upplifun sem spannar allan tilfinningaskalann. „Þetta verður allur pakinn,“ segir Bjarni. „Stuðlabandið – og reyndar allt þetta listafólk – er ekki þekkt fyrir neitt annað en stuð og stemningu.“ Sum lögin muni kalla fram alvöru gæsahúð, önnur fá fólk á fætur að dansa og enn önnur sameina söng, gleði og hreina geggjun.

Miðasala hafin

Aðspurður um hvað hann vonist til að gestir taki með sér út í sumarið og inn í sjálfa Þjóðhátíðina 2026 er svarið skýrt: „Fyrst og fremst þá tilfinningu – mikið hrikalega hlakka ég til næstu Þjóðhátíðar!“

Hann vonast til að sjá sem flesta, unga sem aldna, Eyjamenn jafnt búsetta í Eyjum sem á fastalandinu, að ógleymdum öllum vinum hátíðarinnar nær og fjær sem elska þessi lög, þessa hátíð og þessa stemningu.

Að lokum minnir Bjarni Ólafur á að miðasala er hafin á tix.is og hvetur alla til að tryggja sér miða á besta stað í Háskólabíói föstudaginn 28. mars næstkomandi.

Forsetahjónin þakklát fyrir hlýjar móttökur

„Hér í Eyjum er mjög sérstakt andrúmsloft,“ segir Halla Tómasdóttir, forseti sem var hér í opinberri heimsókn ásamt manni sínum Birni Skúlasyni í upphafi mánaðarins. Þau fóru víða og tóku m.a. þátt í þrettandagleðinni og fylgdust með undirbúningi. „Þarna voru eitthvað í kringum 100 manns, fólk á öllum aldri og úr öllum áttum, fullt af orku og gleði,“ segir Halla sem er ánægð með heimsóknina og því sem þau fengu að kynna.

„Hugmyndaauði er mikil, eins og við sáum dæmi um í Þekkingarsetrinu. Krafturinn í uppbyggingu Laxeyjar hefur líka verið einstakur. Þar er mikill metnaður lagður í reksturinn og sjálfbærni höfð að leiðarljósi, til dæmis með því að endurnýta vatnið hvað eftir annað. Við förum einnig í Ísfélagið, sem



Halla og Björn fengu góðar móttökur þegar þau heimsóttu Grunnskólann. Mynd Bjarni Þór.

má réttilega kalla hátækni-frystihús, og sáum þar sífdina flæða svo að segja sjálfkrafa í gegnum alla framleiðslulínuna. En um leið hugið þið vel að sögunni og hefðunum.

Við heimsóttum líka Safnahúsið og hittum þar Kára Bjarnason forstöðumann sem sýndi okkur meðal annars Fágætissafnið. Það kom skemmtilega á óvart að sjá þar öll Kjarvalsmálverkin og allar þessar íslensku Biblíur samankomin á einum stað. Í raun er ómetanlegt að þessir dýrgripir séu varðveittir hér í Vestmannaeyjum,“ segir Halla sem er þakklát fyrir gestrisnina sem þau nutu, fyrir allan fróðleikinn og þessa Eyjahljú sem umlukti þau.

>> Í næsta blaði verður ýtarlegt viðtal við forsetahjónin.

Glacier Guys hafa unnið hug og hjörtu tónlistarunnenda

≡ Öll innkoma rennur til góðgerðarmála



ÓMAR GARÐARSSON
omar@eyjafrettir.is

„Munurinn á Glacier Guys og Iceguys er að þeir hirða peninga á meðan við gefum peninga,“ segir Hanni harði, aðalsprautan í drengjabandinu Glacier Guys sem hefur vakið mikla athygli fyrir einstaka túlkun á þekktum lögum. Ekki eru myndböndin síðri en allt er tekið upp í bíl fyrirtækisins og sá harði að sjálfsögðu undir stýri.

Hanni harði, Hannes Gústafsson á og rekur fyrirtækið H.harði sem sérhæfir sig í dúka- og flísalögnum. Með honum eru söngfluglarnir Theodór Sigurbjörnsson, einn harðasti hornamaður í sögu íslensks handbolta og Friðrik Már Sigurðsson sem sækir sönghæfileikana langt aftur í áttir. „Ég er í liðveislum hjá þeim og þeir í uppeldi hjá mér og þetta samband gengur frábærlega. Okkur þykir líka vænt um hvorn annan sem er ástæða þess að þetta gengur upp,“ segir Hanni þar sem við sitjum í höfuðstöðvum fyrirtækisins við Skvísusund. Flottasta króin í Sundinu og gæti verið hinn stórkostlegasti hljómleikasalur.

Boltinn fer að rúlla

Þeir höfðu tekið einstaka lag í vinnunni en það var ekki fyrir en þeir voru saman í bílnum úti á eyju sem boltinn fór að rúlla. „Það kom lag og við byrjuðum, horfðum á hver annan og fundum að þarna var eitthvað stórkostlegt að gerast,“ segir Hanni og þar með var teningunum kastað. „Alltaf á þriðjudögum sóttum við pakka hjá Eimskip og byrjuðum að taka upp í einhverju flílarí sem við kölluðum þriðjudagsþeytinginni en enduðum í föstudagsflíringi. Tökum fyrir eitt lag á mánaðar fresti.“

Og þeir hafa náð eyrum fólks. „Við erum að gigga af og til eða þegar við erum í stuði. Tökum tvö þrjú lög,“ segir Hanni og Friðrik Már bætir við „alls ekki meira og það er mikið hlegið.“ „Fólk hefur gaman af þessu og við höfum vakið umtal og fegurðin í þessu öllu saman er að allt er þetta til góðs málefnis. Við erum að styrkja allskonar samtök og félög hér og þar og peningarnir miðast við hverja spilun og læk á Fésbókarsíðu Friðriks Mús. Fólk lækar við og kommentar og fyrirtækið leggur



Friðrik Már, Theodór og Hannes hafa glatt marga með einlægum söng þar sem gleðin og vinskapurinn skín í gegn.

fram ákveðna upphæð og allt er þetta á Fésbókarsíðu Friðriks Mús,“ segir Hanni.

Horfa fram á veginn

Þeir voru ekki ánægðir með stöðuna á sveitinni þegar rætt var við þá í desember. Starfið í lögð. „Þetta hefur verið smá niðursveifla,“ segir Friðrik Már en þeir horfa fram á veginn með bjartsýni í brjósti með hækandi sól. Og þeir hugsa hlýlega til keppinautanna. „Við styrkjum þá um 14.683 krónur sem eiga örugglega eftir að koma sér vel fyrir þá,“ sagði Hanni og lag Ísgæjanna nær nýjum hæðum í meðförum okkar manna. „Nú þurfum við allar hendur á dekk. Í tilefni dagsins í dag ætlum við að styrkja okkar allra bestu um 31 krónu á hvert læk og nú er boltinn hjá ykkur, kveðja Glacier Guys,“ segir í skilaboðum með laginu. „Jólin eru oft erfiður tími hjá fólki og við viljum hjálpa þeim að ná endum saman,“ segir Theodór.

Þá er ekki síðri flutningur þeirra á Himnasmið Helga Björns en toppurinn er Man in The Mirror, ódauðlegt lag Michael Jackson fær nýja vídd í meðförum Glacier Guys. Ekki má gleyma Fullkomnu farartæki Ný danskrar sem þeir eru hvað ánægðastir með. „Segja má að Man in The Mirror sé fyrsta lagið sem við tókum af fullri alvöru. Það var í september

2024 og við á leið í Landeyjahöfn. Tókum líka Pínulítt karl fyrir Geir Jón, sem er 2.06 m,“ segir Friðrik Már.

Styrkja góð málefni

Þeir hafa styrkt Landakirkju og Gleðigjafana og gert það rausnarlega. „Fengum góða aðstoð hjá fyrirtækjum sem hjálpuðu okkur í því. Erum við mikið þakklátir fyrir það,“ segir Friðrik Már og þeir segja já, einum rómi þegar þeir eru spurðir hvort þeir hafi orðið varir við pirring frá Ísdrengjunum.

„Alveg 100 prósent. Þeir skrifuðu athugasemd við myndbandið okkar síðast, nánast allir sögðu okkur klára varamenn ef eitthvað færi úrskeiðis á hljómleikum þeirra. Kæmu upp forföll í desember vissu þeir hvert þeir áttu að leita. Þeir mega hafa það eins og þeir vilja því þeir taka en við gefum,“ segja þeir.

„Reyndar lánaði Rúrik mér 3000 krónur í Kringlunni um daginn þannig að hann er ágætis strákur,“ segir Theodór en upp úr stendur að Glacier Guys hafa gefið um 4 milljónir til góðgerðarmála. „Bæði með framlögum frá fyrirtækjum og það sem við höfum lagt fram sjálfir. Skiptist nálægt því til helminga. Við erum að gera þetta til gamans og fólk hefur gaman af þessu. Ekki er verra að það gefur yl í sálina að veita þeim sem á þurfa að halda aðstoð.

Okkur líður rosalega vel og allir sammála um að þetta gefi gott í hjartað.“

Trommaði sex ára í sjónvarpinu

Þeir segja vera pressu á eitt frumsamið og eiga fjögur eða fimm demó sem þarf að vinna. „Annars er nóg að gera með þessum dásamlegu drengjum og svo er það fluguveiðin á sumrin og konan allt árið sem heldur manni við efnið. Við höfum komið fram á Lundaballi, Konukvöldi ÍBV og í AKÓGES. Myndböndin orðin tíu, áhorfin 85.000 og eftir að við tókum Fullkomið farartæki náði lagið loks fluginu og var valið lag ársins 2024.

Veðin, þessir dásamlegu drengir, fluguveiði, vinnan og konan. En er ekki familían alltaf númer eitt. Lundaball, Konukvöld og Akóges, Myndböndin tíu eða tólf. Læk og horfur,“ segir Hannes en upp úr stendur að þeir hafa gaman af þessu.

„Við erum góðir vinir og erum opnir fyrir giggum ef fólk hefur áhuga. Enginn okkar á fortíð í tónlist nema Hanni sem sex ára spilaði á trommur í Stundinni okkar. En allir höfum við áhuga á tónlist og lítum á okkur sem frábært karóíkíboyband sem hefur gefið hátt í 5 milljónir í góðgerðarmál,“ sem er ekki svo lítið,“ segja Friðrik Már og Theodór að endingu.

Herjólfur slær met

Farþegafjöldi og bílaflutningar aldrei meiri



TRYGGVI MÁR SÆMUNDSSON
tryggvi@eyjafrettir.is

Árið 2025 var metár í starfsemi Herjólfis, bæði þegar kemur að farþegafjölda og flutningi farartækja. Framkvæmdastjóri Herjólfis ohf., Ólafur Jóhann Borgþórsson, segir árið hafa gengið afar vel og horfur fyrir nýbyrjað ár vera jákvæðar. Spurður hvort þetta sé í takti við þá þróun sem hófst fyrir þremur til fjórum árum, þegar farið var að markaðssetja Vestmannaeyjar af miklum þunga, segir hann svo vera.

„Við slógum farþegamet á síðasta ári þegar alls fóru 441.626 farþegar með Herjólf,“ segir Ólafur. Fyrra metið var aðeins tveggja ára gamalt, en árið 2023 var farþegafjöldinn ríflega 430 þúsund og aðeins lítið minni árið 2024.

Ekki aðeins var met slegið í farþegafjölda heldur einnig í flutningi farartækja. „Við fluttum yfir 122 þúsund farartæki, sem er rúmum tvö þúsund fleiri en árið á undan.“

Skýrari mynd af farþega-samsetningu

Herjólfur hefur jafnframt unnið markvisst að því að fá betri yfirsýn yfir samsetningu farþegahópsins.

„Af heildarfjölda farþega voru ríflega 127 þúsund með lögheimili í Vestmannaeyjum, eða tæplega 30%. Þá eru Íslendingar sem ekki eru með lögheimili í Vestmannaeyjum álíka stór hluti farþega,“ segir Ólafur.

Á síðasta ári var einnig farið að biðja farþega um að skrá þjóðerni sitt við bókun.

„Sú skráning hefur gefið okkur mjög áhugaverðar upplýsingar. Bandaríkjamenn voru um 13,4% af öllum farþegum Herjólfis árið 2025 og samkvæmt skráningunni voru farþegar alls af 162 mismunandi þjóðernum.“



Ólafur Jóhann framkvæmdastjóri Herjólfis er bjartsýnn um rekstur Herjólfis á þessu ári.

Margþættar ástæður aukningar

Aðspurður um ástæður aukins farþegafjölda segir Ólafur þær vera margþættar.

„Gott veður hafði sitt að segja, en einnig öflug markaðssetning Vestmannaeyja sem áfangastaðar undanfarin ár. Þá lengdum við tímabilið þar sem farnar voru átta ferðir á dag, frá 1. júlí og fram yfir Þjóðhátíð.“

Hann bendir á að um sé að ræða þróun sem hófst fyrir þremur til fjórum árum þegar farið var markvisst í að auglýsa Vestmannaeyjar sem spennandi áfangastað fyrir ferðamenn. Jafnframt hafi ferðatímabilið lengst enn frekar á síðasta ári.

„Farþegamet voru slegin bæði í apríl og maí og einnig hefði met verið slegið í september ef Herjólfur hefði ekki verið stóran hluta mánaðarins í slipp.“

Ólafur segir átta ferða áætluð hafa reynst afar vel.

„Þrátt fyrir að nýtingin sé mjög

góð þá er reynsla okkar sú að í átta ferðunum eru færri biðlistar á bíladekkið og skipið sjaldnar uppselt fyrir farþega. Það er afar jákvætt, bæði fyrir íbúa og ferðamenn. Með þessu erum við að bæta samgöngurnar eins og mögulegt er.“

Jákvæðar horfur fyrir 2026

Horfur fyrir árið 2026 eru samkvæmt Ólafi nokkuð jákvæðar, þó alltaf þurfi að hafa í huga áhrif veðurs.

„Veðrið hefur gríðarleg áhrif á okkar starfsemi og því vonumst við til áframhaldandi blíðviðris. Við sjáum það yfir sumar-mánuðina að þegar er sól og blíða er traffíkin mun meiri en þegar rigning og þoka eru ríkjandi. Við ætlum að lengja átta ferða tímabilið enn frekar, hefja það 5. júní og halda því fyrirkomulagi fram yfir miðjan ágúst.“

Betri bókunarvél

Herjólfur hefur jafnframt lagt

aukna áherslu á þjónustu. „Við höfum tekið gagnrýni á bókunarvélina á Herjólfur.is alvarlega og verið að laga hana smátt og smátt. Nú er til dæmis ekki lengur nauðsynlegt að skrá nöfn allra farþega áður en séð er í hvaða ferðir er laust, hægt er að víxla höfnum í miðju bókunarferli, vista ferðafélaga og breyta ferðum á einfaldan hátt.“

Hann segir frekari úrbætur væntanlegar. „Við erum enn að vinna í bókunarvélinni og fleiri breytingar munu líta dagsins ljós mjög fljótlega. Vonandi mun það einnig gerast á þessu ári að greiðslusíður verði ekki lengur á dönsku,“ segir Ólafur Jóhann.

Að lokum segir hann að áfram verði lögð áhersla á góða þjónustu og skýra upplýsingagjöf.

„Við leggjum okkur fram um að veita eins góða þjónustu og mögulegt er og viljum að farþegar upplifi að upplýsingagjöfin sé aðgengileg og traust.“



Rauðagerði í byggingu

Rauðagerði var reist að hluta til fyrir söfnunarfé er safnaðist í Vestmannaeyjasöfnun Rauða kross Íslands vegna eldgossins á Heimaey 1973. Fyrsta skóflustungan var tekin í mars 1974 en húsnæðið var tekið í notkun í maí 1974. Rauðagerði verður á næstunni rífið og á lóðinni eiga að rísa íbúðarhús.

Áskorun til Vestmannaeyinga



AÐSEND GREIN

ÍRIS ÞÓRISDÓTTIR
tannlæknir á Hljú
tannlæknastofu
í Vestmannaeyjum

Undirrituð hefur nú fylgst með í dágóðan tíma hve algengt það er að börn fái sleikjó í Herjólf. Hefur henni verið sagt að þetta sé gert til þess að slá á ógleði hjá börnunum en einnig að þetta sé til þess að kaupa smá frið. Börnin séu jafnvel vel undir 2 ára sem stingur hvað mest tannlæknahjartað. Frá sjónarhorni tannlæknis þá er sleikjó óhollasta nammið á markaðnum, eða kannski eitt

af tveimur, því “roll-on”-ið svokallaða í sjoppunni hjá ÍBV trónir með sleikjónum á toppnum (og vona ég að forsvarsmenn innkaupa ÍBV hnjóti um þetta og taki það úr sölu).

En hvað veldur því að sleikjó sé svona óhollur?

Hann er auðvitað stútfullur af sykri, sem ýtir undir tannskemmdir, en það sem gerir hann svona óhollan er hvernig hann kemst í snertingu við munnholið og tennurnar. Hann er nefnilega þeim “kostum” gæddur að endast mjög lengi og liggur í munni barnanna frá 15 mínútum og jafnvel upp í klukkutíma.

En hvað er til ráða?

Eigum við að taka sleikjóinn af börnunum og segja þeim að harka af sér ógleðina í Herjólf? Nú hef ég átt samtal við framkvæmdastjóra Herjólf til þess að reyna að finna lausn á þessu vandamáli. Ég lagði til að Hap+ sleikjóinn yrði keyptur inn í sjoppuna til þess að bjóða upp á annan og betri valkost fyrir tannheilsu bæjarins. Óli framkvæmdastjóri steig upp og varð við ákalli tannlæknasamfélagsins í Vestmannaeyjum um að panta inn í sjoppuna tannvæna sleikjóa og eigum við honum miklar þakkir skildar fyrir það. Þessi sleikjó er íslenskt hugvit og hefur fengið

gæðastimpil frá Tannlæknafélagi Íslands.

Hann er ekki bara tannvænn heldur hefur hann einnig verið notaður sem ógleðimeðal fyrir óléttar konur og á meðan krabbameinsmeðferð stendur svo hann er tilvalinn kostur fyrir sjóferðir hvers kyns auk þess sem hann er bragðgóður og samþykktur af börnum ákveðins tannlæknis í bænum. Svo nú skora ég á ykkur Vestmannaeyinga, að velja hollari valkostinn fyrir börnin ykkar, svo minni líkur séu á því að ég eða annar tannlæknir muni þurfa að gera við tennurnar þeirra, sem eru svo dýrmætar.



Við sendum handhöfum Fréttapýramídana hjartans hamingjuóskir með tilnefninguna.



Vestmannaeyjabær



Hárlgræðslur í Tyrklandi

≡ Birkir Hlynsson segir frá ferlinu



**ANNIKA
VIGNISDÓTTIR**
annika@eyjafrettir.is

Hármissir hefur lengi verið viðkvæmt umræðuefni hjá mörgum karlmönnum og oft eitthvað sem menn forðast að ræða opinberlega. Undanfarin ár hefur hárlgræðsla þó orðið mun aðgengilegri, ekki síst í Tyrklandi, þar sem Íslendingar hafa í auknum mæli leitað sér aðstoðar.

Birkir Hlynsson er einn þeirra sem sjálfur hefur farið í hárlgræðslu og hefur verið opinn með ferlið, miðlað reynslu sinni og aðstoðað aðra menn við að fara sömu leið. Hér segir hann frá eigin upplifun, ástæðunum fyrir ákvörðuninni og því hvernig ferlið gekk fyrir sig. Birkir starfar sjálfur í hárgreiðslugeiranum sem rakari og segir að í gegnum árin hafi hann fengið marga viðskiptavini í stólinn sem hafi gengist undir hárlgræðslu.

Eftir því sem hann sjálfur varð eldri fór hann að taka eftir því að hárið var byrjað að þynnast og fór í framhaldi að afla sér upplýsinga og skoða möguleikana. Hann hafi þó aldrei þorað að kýla á þetta fyrr en nú fyrir stuttu.

Birkir þekkti til Baldurs Rafns Gylfasonar, hárgreiðslumanns í gegnum hárlbransann og vissi að hann var búinn að fara í hárlgræðslu, auk þess að hann ásamt Einari Bárðarsyni voru byrjaðir að aðstoða aðra menn að gera slíkt hið sama.

„Ég veit að Baldur fer ítarlega í þá hluti sem hann gerir og gerir þá vel, þannig ég hafði samband við hann og bað hann um að segja mér frá hvaða lækni hann hafi notað og svo framvegis. Hann setti mig í sambandi við lækinn og það var byrjunin hjá mér.”

Birkir segir almennt mælt með því að fara ekki einn í slíkt ferðalag heldur alltaf að hafa einhvern með sér. Í hans tilfelli bar hann hugmyndina undir Ágústi Halldórsson þar sem þeir höfðu áður rætt hárlgræðslu sín á milli stólnum, meira í gríni en alvöru. Ágúst var meira en til í þetta ævintýri og svo síðar bættist Baldvin Freyr einnig við. Það leið ekki á löngu þar til þeir voru komnir í Messenger-spjall við lækinn úti, ásamt Baldri og Einari.

Birkir leggur áherslu á að mikilvægt sé að vanda valið þegar



Birkir ásamt Ágústi og Baldvini á leið í ferðalagið.

haldið er út í svona og mælir með að fara í gegnum þá sem þú treystir. „Ég treysti Baldri og Einari og var búinn að sjá þeirra afrakstur og heyra hvað þeir höfðu að segja og svona”. Baldur og Einar halda úti heimasíðunni www.gefur.is þar sem þeir sérhæfa sig í að hjálpa fólki sem vil gera slíkt hið sama og þeir og þar er hægt er að nálgast allar upplýsingar um hárlgræðslur.



Læknirinn teiknar upp hvernig framkvæmdin komi til með að vera.

Ferlið

„Við fórum í sex daga ferð. Flugum út til Tyrklands og á degi eitt áttum við fund með lækningum. Farið var yfir áætlunina og hvað ætti að gera. Undirbúnings-spjall hafði þó átt sér stað áður í gegnum Messenger, þar sem hann hafði fengið myndir og undirbúið aðgerðina áður en við komum út. Tveim vikum áður en haldið er í ferðalagið má ekki drekka



Hér er læknirinn búinn að gera undirbúningsvinnuna.

áfengi (og ekki tveim vikum eftir). Aðgerðin var svo gerð á degi tvö, og tók hún daginn með öllu því sem þarf að gera. Á degi þrjú fer maður svo í þvott og á degi fjögur og fimm tekur maður því rólega og getur farið að skoða sig um í borginni. Við höldum svo heim á degi sex.“

Aðgerðardagurinn


Ferlið á aðgerðardegi hefst á því að þú hittir lækni sem fer yfir ferlið og útskýrir nákvæmlega hvað á að gera. Í kjölfarið er hárið rakað af og teiknað er upp hvar hár verða tekin og hvar þau verða grædd.

Eftir það tekur við 2–3 klukkustunda ferli þar sem hár eru tekin af svokölluðu gjafasvæði aftan á hnakkannum. Þar er tekið um það bil þriðja hvert hár. Á sama tíma er tekið blóð úr þér og sérstök lyf blönduð við blóðið. Hársökkirnir eru síðan geymdir í þessari blöndu þar til búið er að taka öll þau hár sem á að nota.

Þegar þessum hluta er lokið er gert hlé og boðið upp á hádegismat. Að því loknu færðu kæruleysislyf í æð og þá hefst næsti hluti aðgerðarinnar, þar sem hár-unum er plantað í þau svæði sem áður voru ákveðin. Sá hluti tekur einnig nokkrar klukkustundir.

Heildarferlið tekur yfirleitt heilan dag, en lengdin fer eftir því hversu mikið þarf að græða af hársökkjum, eða „fræjum“. Því er þetta mismunandi á milli einstaklinga, en almennt má gera ráð fyrir að verja deginum í aðgerðina.

Eftir svona aðgerð er algennt að talsverð bólga myndist og því gott að hafa möguleika á að slaka á og taka því rólega næstu daga. Það eru þó dæmi um að fólk fari heim strax daginn eftir, en almennt



Ígræðslan sjálf, hér er Birkir búinn að fá kæruleysislyf og hafist er handa við að græða hárin í.

er mælt með að gefa sér tíma til að jafna sig ef aðstæður leyfa. Algengast er að þetta sé gert í einu skipti, en það kemur fyrir að einstaklingar þurfi að fara tvisvar. Fólk er einfaldlega mismunandi og aðgerðirnar eru fjölbreyttar.

Birkir segir þá hafa átt gott spjall við lækinn úti sem framkvæmdi aðgerðina. Hann sagði að í Tyrklandi væru framkvæmdar um 1.500–2.000 hártengdar aðgerðir á dag og nefndi einnig að skeggígræðslur væru orðnar mjög algengar líka sem hafi komið svolítið á óvart.

Heildarkostnaðurinn við ferðina hjá Birki var í kringum 650.000 krónur, þá með flugi, hóteli og aðgerð.

Sársaukalítil aðgerð

Aðspurður hvort eitthvað hafi komið honum á óvart í ferlinu segir Birki að það helst hafa verið hversu umfangsmikil starfsemin í kringum hárlígræðslur í Tyrklandi sé orðin. „Það kom mér á óvart hvað það eru rosalega margar stofur þarna úti og því skiptir miklu máli að vanda valið. Þetta er orðinn stór ferðamannaíðnaður,“ segir hann.

Hann bendir jafnframt á að þótt framboðið sé mikið séu lækarnir misjafnir, líkt og gengur og gerist í öðrum starfsgreinum. „Það er mikil túrismaumgjörð í kringum þetta, með flottum hótelum, glæsilegum bílum og alls kyns þjónustu, jafnvel nuddi á meðan á aðgerð stendur. En allt þetta skiptir engu máli ef lækinn er ekki góður. Þetta snýst fyrst og fremst um að velja rétt.“

Birki segir að stofan sem þeir fóru á hafi verið ósköp venjuleg stofa, hrein og snyrtileg, en ekkert brjálæðislega flott endilega. „Maður treysti læknum og það var það sem skipti máli, hann sýndi okkur mikið af myndum af fólki sem hann hafði unnið með áður, þar á meðal kunnugleg andlit, maður sá afkasturinn og treysti vinnubrögðum.“

Annað sem Birkir segir hafa komið á óvart var hversu lítið mál aðgerðin sjálf hafi verið. „Þetta



Félagarnir ásamt læknum, sátir að vera búnir í aðgerð. Eins og sjá má er bólgu myndun algeng eftir slíka aðgerð.

var mun sársaukaminna en ég átti von á og í raun lítið mál.“

Það sem reyndist þó mest krefjandi var tímabilið eftir aðgerðina, sérstaklega svefninn. „Maður þurfti að sofa hálf uppréttur með ferðakodda um hálsinn í þrjá daga, sem var ótrúlega þreytandi.

á höfðinu. Því sé mikilvægt að fara varlega og fylgja leiðbeiningum vel. Fyrstu tíu dagana má ekkert koma við aðgerðarsvæðið og þegar farið er í sturtu þarf að gera það með varúð, einungis er notaður þvottapoki til að dúmpa létt á höfuðið.

undir hárinu og fyllt í þar sem þörf er á.

„Það hafa orðið gríðarlegar framfarir í þessum bransa á síðustu 7–10 árum. Þetta er orðið mun þróaðra, vandaðra og betur unnið en áður,“ bætir hann við.

Því fyrr, því betra

Birkir segir hárið vera stóran part af sjálfsmyndinni og það að missa hárið geti haft áhrif á sjálfsstraust fólks. Það að vera með hár, geta greitt sér og sett í hárið á sér er partur að því að líða vel í eigin skinni. Hann nefnir að margir yngri menn en hann hafi farið í slíka aðgerð, til dæmis þeir sem hafa misst hárið snemma á lífsleiðinni.

Margir hafa leitað til mín á stofuna með alls kyns spurningar tengdar þessu. Það eru engin leyndarmál í kringum ferlið og það kostar ekkert að afla sér upplýsinga, það er bara um að gera að spyrja. Ef maður getur hjálpað fólki með þetta og hjálpað með sjálfsstrausti, þá er það bara frábært.

Aðspurður hvaða ráð hann myndi gefa þeim sem eru að velta fyrir sér hárlígræðslu segir Birkir að hann myndi ekki biðja með ákvörðunina, heldur drífa sig í að afla upplýsinga sem fyrst. Hann bendir á að flestar stofur bjóði upp á frjá ráðgjöf og því sé um að gera að nýta sér það og senda fyrirspurnir. Baldur og Einar hjá Gefur útlit sérhæfa sig einnig í slíkri ráðgjöf og bætir við að hann sjálfur sé einnig tilbúinn að aðstoða þá sem þurfa frekari upplýsingar eða ráð.

Birkir leggur jafnframt áherslu á mikilvægi þess að fara ekki einn í slíka ferð. Hann segir að það skipti sköpum að hafa stuðning og félagsskap í þessu ferli.

„Það hafa orðið gríðarlegar framfarir í þessum bransa á síðustu 7–10 árum. Þetta er orðið mun þróaðra, vandaðra og betur unnið en áður.“

En annars myndi ég líkja þessu ferli í heild sinni eins og að fara til tannlæknis, maður er bara feginn þegar það er búið.“

Bataferlið

Eftir aðgerð segir Birkir algengt að fólk finni aðeins fyrir eymsl-um, líkt og að vera með stórt sár

Eftir um 10–15 daga má svo taka hrúðrið sem myndast af, sem Birkir lýsir sem einstaklega góðri tilfinningu. Eins og að losna við sundhettu sem hafði verið föst á höfðinu.

Þegar kemur að árangri segir Birkir að mikilvægt sé að sýna þolinmæði. Yfirleitt sé talað um 12–15 mánuði þar til fullur árangur kemur í ljós og hárið nær fullri þykkt, ekki sé raunhæft að meta neitt fyrr en eftir í fyrsta lagi fimm mánuði. Þá er hægt að skoða og sjá hvernig þetta sé að þróast.

Hárlígræðslur ekki bara fyrir karlmenn

Birkir segir að hárlígræðslur henti í raun fyrir fjölbreyttan hóp fólks, ekki eingöngu karla heldur einnig konur sem glíma við einhvers konar hárlos. Ferlið sé þó oft öðruvísi hjá konum og algengur misskilningur sé að nauðsynlegt sé að raka allt hárið af hjá þeim, sem sé ekki raunin. Aðgerðin sé framkvæmd með öðrum hætti og því geti bataferlið verið örlítið lengra. Oft sé einungis rakað



Mikilvægt er að fylgja öllum leiðbeiningum eftir aðgerð sem þessa.



Læknirinn hugar að sárinu og passar upp á að allt sé rétt gert.

Framkvæmdir hafnar við Áshamar 77

≡ 27 nýjar íbúðir munu líta dagsins ljós



ANNIKA VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

Hér í Eyjum má finna fjölmörg falleg heimili með ólíkan stíl og áhugavert skipulag. Í innliti á eyjaheimili skoðum við eignir sem eru á markaði og rýnum í hvað gerir þær sérstakar. Við förum í gegnum skipulag, hönnun og þau smáatriði sem fanga athygli og fáum innsýn um stöðu og strauma á fast-eignamarkaðnum hér í Eyjum.

Að þessu sinni tókum við fyrir nýtt og metnaðarfullt verkefni sem Svanur Örn Tómasson og félagar hjá SA smíðum standa fyrir, en verið er að reisa blokk við Áshamar 77. Um er að ræða stórt verkefni sem mun bjóða upp á fjölbreyttar íbúðir, bílakjallara, lyftu og nútímalega hönnun sem fellur vel að þörfum íbúa. Framkvæmdir eru þegar hafnar og stefnt er að afhendingu vorið 2027 gangi allt samkvæmt áætlun. Svanur veitti Eyjafréttum viðtal.

„Þetta er blokkarlóð sem við fengum og átti upphaflega að vera jafnstór og gamla blokkinn sem stendur beint á móti, með rými fyrir 18 íbúðir. Okkar sýn var að gera þetta aðeins öðruvísi og vildum við gera fleiri íbúðir en til stóð og jafnframt hafa þær aðeins minni. Við fengum samþykkt að fjölga íbúðunum og bæta að auki við bílakjallara undir húsinu. Blokkinn verður því fjögurra hæða með bílakjallara og verða íbúðirn-



Svanur Örn, ásamt samstarfsfélaga sínum.

ar 27 talsins í tveimur stærðum, ýmist 62 eða 105 fermetrar,” segir Svanur.

Aðspurður hvernig hugmyndin að verkefninu hafi þróast segir Svanur að ferlið hafi tekið langan tíma, meðal annars vegna deiluskipulags og annarra þátta. Þeir fengu lóðina útlataða fyrir einu og hálfu ári síðan og upp frá því hafi þetta þróast smám saman.

„Við höfum fundað mikið með bænum og átt gott samstarf við þau og hefur verkefnið þróast og móstast hægt og rólega í þá mynd sem blasir við í dag. Við fengum endanlega samþykkt í október síðastliðnum,” bætir Svanur við.

Svanur segir að byggingin verði í svipuðum stíl og húsin sem þeir hafa ný lokið við að reisa fyrir framan. Húsið verður í sama anda, með sömu klæðningu og sambærilegum útlitseinkennum.

„Þetta verður í svipuðum stíl, en með ákveðnum nýjungum. Á bakhlidinni, þar sem gengið verður inn í íbúðirnar, verða svalalok-

anir. Þar verður glerbygging sem myndar sérinnangang inn í hverja íbúð, og gangurinn verður að mestu leyti lokaður með gleri,” segir Svanur.

Að mati Svans mun hönnun og aðstaða hússins höfða til breiðs hóps, enda verður húsið búið eins og áður hefur komið fram bílakjallara, lyftu og þægilegu skipulagi. Hann telur að húsnæðið muni höfða jafnt til eldra fólks sem vilji minnka við sig og einnig til yngra fólks sem er að stíga sín fyrstu skref á húsnæðismarkaði. Því megi gera ráð fyrir blönduðum hópi íbúa sem sjái sér hag í fjölbreyttum kostum og góðri aðstöðu.

Svanur segir að vonir standi til þess að þakið verði komið upp í haust og að hægt verði að loka húsinu með gluggum, þannig að unnt sé að hefja vinnu bæði innan- og utanhúss yfir veturinn. Hann gerir ráð fyrir að framkvæmdum ljúki snemma vors 2027.

„Ég er búinn að breyta áætluninni núna í annað sinn. Ég ætlaði að vera búinn að steypa upp í ágúst og kominn með þak í september 2026. En miðað við þessa byrjun mun því líklega seinka aðeins. Veðrið hefur sett örlítið strik í reikninginn, við höfum hingað til þurft að sleppa sex dögum af fimmtán vegna veðurs og við erum líka að fara inn í veturinn,” segir Svanur.

Aðspurður hvenær megi gera ráð fyrir að íbúðirnar fari í sölu segir Svanur að ekki sé unnt að nefna nákvæman tímapunkt. Tímasetningin ráðist að töluverðu leyti af því hvernig gangi að tryggja fjármögnun. Ef það reynist erfitt gæti sala hafist fyrr en ella, en hann segir jafnframt að hann vilji helst bíða, þar sem óvíst sé hvernig markaðurinn muni þróast á næstunni.

„Staðsetningin er mjög góð og útsýnið frábært. Þegar komið er upp á aðra hæð sést strax flott útsýni, sem verður enn betra eftir því sem ofar er farið. Þaðan má sjá niður í dalinn og jafnvel inn á fótboltavöllinn,” bætir Svanur við.

Framundan er því spennandi verkefni við Áshamar 77, þar sem unnið er að byggingu fjölbreytts og vandaðs íbúðarhúsnæðis sem hæfir ólíkum hópum íbúa. Ljóst er að mikið verður lagt upp úr fagurfræði, góðu skipulagi og aðgengi, auk þess sem staðsetning og útsýni gera svæðið enn eftirsóknarverðara. Eyjafréttir munu áfram fylgjast með framvindu framkvæmda á næstu misserum.

Frekari fyrirspurnir sendist á dora@eyjaeignir.is



Hér má sjá teikningar af húsnæðinu.



Framkvæmdir eru þegar hafnar.

Þær halda utan um hjartað í Hljómey



**TRYGGVI MÁR
SÆMUNDSSON**
tryggvi@eyjafrettir.is

Þann 24. apríl næstkomandi fer tónlistarhátíðin Hljómey fram í Vestmannaeyjum. Þetta er fjórða árið í röð sem þeir félagar Birgir Nielsen og Guðmundur Jóhann Árnason standa að hátíðinni, sem hefur fest sig í sessi sem einn hlýlegasti og persónulegasti tónlistarviðburður landsins.

Þótt listamennirnir á sviðinu séu í sviðsljósinu, er það langt frá því að vera öll sagan. Á bak við tjöldin er stór hópur fólks sem vinnur að skipulagningu og framkvæmd hátíðarinnar. Þar skipta smáatriðin miklu máli og þar koma Kolbrún (Kolla) og Sædís sterkar inn.

Við settumst niður með þeim og ræddum hlutverk þeirra í undirbúningi Hljómeyjar og spurðum hvort fiðringurinn væri farinn að gera vart við sig fyrir komandi miðasölu.

Við vinnum bak við tjöldin

Kolbrún segir hlutverk þeirra hafa mótast smám saman eftir því sem hátíðin hefur vaxið.

„Við erum kannski ekki alltaf fremst í sviðsljósinu, en við erum svona límið sem heldur þessu saman. Drengirnir sjá um stóru línurnar, bóka listamenn og halda utan um tónlistarhlutann. Við þösum upp á smáatriðin og hjálpum til við að halda öllum á jörðinni.“

Sædís tekur undir og segir samstarfið við Guðmund og Bigga mjög náð. „Stundum snýst þetta einfaldlega um að sjá hlutina fyrir áður en þeir verða vandamál.“

Smáatriðin skipta mestu máli

Að þeirra sögn er það einmitt þessi hugsun sem geri Hljómey sérstaka – að ekkert sé tilviljun.



Sædís og Kolbrún.

„Hljómey á að vera persónuleg,“ segir Kolbrún. „Gestir eiga að finna að það sé hugsað um þá, hvort sem það er í dagskránni, umgjörðinni eða stemningunni.“

Sædís bætir við að oft séu það minnstu hlutirnir sem hafi mest að segja.

„Fólk man kannski ekki nákvæmlega hvert atriði, en það finnur þegar hlutirnir ganga vel. Flæðið milli tónleika, andrúmsloftið í húsunum, þessi heild.“

Spenna fyrir miðasölu

Og hvernig er stemningin fyrir komandi miðasölu?

„Hún er klárlega farin að gera vart við sig,“ segir Sædís. „Það er alltaf þessi blanda af tilhlökkun og smá stressi, sem er bara góð tilfinning.“

Kolbrún segir viðbrögðin hingað til hafa verið afar jákvæð. „Við finnum mikinn áhuga og fólk er farið að spyrja hvenær miðasalan opnar. Það gefur manni rosalega mikið.“

Á síðasta ári lamaðist atvinnulífið í Vestmannaeyjum þegar miðasölukerfið hrundi við opnun miðasölu og að lokum seldust mun fleiri miðar en upphaflega var gert ráð fyrir.

„Við höfum fengið fullvissu um að kerfið haldi í ár,“ segja þær. „Við erum auðvitað þínu montnar af því að þessi litla, krúttlega hátíð hafi sprengt kerfið, en fyrst og fremst viljum við að allir sem vilji fái miða. Það er takmarkað magn í boði og eftirspurnin meiri en framboðið.“

Byrjað aðeins fyrr í ár

Venjulega hefst hátíðin með setningu í húsi Landsbankans kl. 16 og fyrstu tónleikar hefjast kl. 20. Hátíðin stendur fram yfir kl. 23 og lýkur fyrir utan Brothers Brewery, þar sem brennukóngur hátíðarinnar kveikir bál, tónlistarmenn taka nokkur lög og slútað er með einni flugeldabombu.

„Við höfum fengið ábendingar og viljum hlusta,“ segja þær. „Í ár ætlum við að byrja örlítið fyrr til að teygja dagskrána aðeins. Við ætlum líka að stækka svæðið og skoða hvort hægt sé að bjóða upp á strætó á milli staða. Svo er ýmislegt annað sem við eigum í pokahorninu sem verður vonandi kynnt sem allra allra fyrst. Það verður stór bomba.“

Þrátt fyrir breytingar sé kjarninn alltaf sá sami. „Þessi kósý stofustemning, þetta einlæga, heimilislega væb, það verður aldrei tekið úr Hljómey.“

Meira en bara tónlistarviðburður

Að lokum eru þær sammála um að Hljómey sé orðin meira en bara tónlistarhátíð.

„Fólk kemur ekki bara til að hlusta á tónlist, heldur til að upplifa eitthvað saman. Þegar maður sér allt smella, þá veit maður af hverju maður er að þessu.“

Miðasalan er handan við hornið og ljóst að undirbúningurinn er kominn á fullt – og spennan sömuleiðis.

Miðasala á Hljómey hefst kl. 10:00 þann 6. febrúar næstkomandi á midix.is. Takmarkað magn miða verður í boði.

Laxey, Margrét Lára, FÍV og Hjalti og Vera Björk handhafar Fréttapýramíðanna 2025

Fréttapýramíðarnir fyrir nýliðið ár voru afhentir föstudaginn 16. janúar við hátíðlega athöfn í Eldheimum. Með viðurkenningunum heiðra Eyjafréttir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir í Vestmannaeyjum sem hafa lagt samfélaginu mikilvægt og eftirtektarvert lið á sínu sviði.

Eyjafolk ársins 2025

Hjónin Hjalti Kristjánsson, læknir, og Vera Björk Einarsdóttir, hjúkrunarfræðingur, hlutu Fréttapýramíðann 2025 sem Eyjafolk ársins. Þau eru heiðruð fyrir ómetanlegt framlag sitt til samfélags Vestmannaeyja um áratuga skeið. Með Fréttapýramíðanum er þeim þakkað fyrir óeigingjarnt starf, mannúð og ómetanlegt framlag til samfélagsins.

Framlag til íþróttar

Eyjakonan Margrét Lára Viðarsdóttir, knattspyrnukona og margföld markadrottning hlaut Fréttapýramíðann 2025 fyrir framlag sitt til íþróttar. Margrét Lára hefur markað djúp spor í íslenska knattspyrnusögu, bæði með afrekum sínum á vellinum og með því góða fordæmi sem hún hefur gefið í gegnum feril sinn.

Fyrirtæki ársins

Laxey var valið fyrirtæki ársins. Hugmyndin að fyrirtækinu kviknaði árið 2019, félagið var stofnað 2021 og framkvæmdir hófust



Þau fengu viðurkenningar: Aftari röð, Guðmundur Jóhann Hljómei, Pétur Steingrímsson Kótelettukvöldið, Friðrik Már Glacier Guys, Sigurjón Óskarsson og Daði Pálsson Laxey, Helga Kristín FÍV, Eyjafolk ársins Hjalti og Vera Björk og Hallgrímur Laxey. Fremri röð, Theódór og Hannes Glacier Guys, Thelma FÍV og Margrét Lára.

2022. Í dag er fyrsti áfangi verkefnisins í fullum rekstri, annar í byggingu og framleiðslan komin vel af stað með miklum glæsibrag, þar sem 98,5% framleiðslunnar falla í hæsta gæðaflokk.

Framlag til menntamála

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum hlaut Fréttapýramíðann 2025 fyrir framlag til menntamála í Vestmannaeyjum. Skólinn hlaut á síðasta ári Íslensku menntaverðlaunin í flokki framúrskarandi iðn- og verkmenntunar. Verðlaunin voru veitt fyrir öflugt og nýstárlegt nám í nánun samstarfi

við atvinnulífið og afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum. Sú viðurkenning vegur þungt, ekki aðeins fyrir skólann sjálfan heldur allt samfélagið í Vestmannaeyjum.

Glacier Guys, Hljómei og Kótelettukvöldið heiðruð

Eins og stundum áður var við afhendingu Fréttapýramíðanna vakin athygli á framtaki sem skiptir máli fyrir Vestmannaeyjar. Að þessu sinni voru það hljómsveitin Glacier Guys, Kótelettukvöldið og Hljómei sem fengu blómvendi sem Annika Vignisdóttir, aðstoðarritstjóri afhenti fyrir hönd

Eyjafrétta.

Drengjabandið Glacier Guys, skipa söngfluglarnir Hannes Gústafsson, betur þekktur sem Hanni harði, Theódór Sigurbjörnsson hafa vakið mikla athygli fyrir einstaka túlkun á þekktum lögum og öll innkoma fer til góðgerðarmála. Hafa þeir með aðstoð fyrirtækja safnað rúmum fjórum milljónum króna.

Kótelettukvöldið, er orðið eitt af föstum liðum í skemmtanalífi þar sem fólki gefst tækifæri á að snæða kótelettur upp á gamla mátann og styrkja gott málefni í leiðinni. Líka er boðið upp á laufflétt skemmtiatriði og hafa vinsældir aukist með hverju árinu. Samtals hafa kvöldin gefið af sér 7.185.500 krónur sem hafa runnið til líknarmála og styrktarfélagi í Vestmannaeyjum.

Tónlistarhátíðin Hljómei er góð viðbót við fjölbreytta tónlistarflóru Vestmannaeyja. Guðmundur Jóhann Árnason og Birgir Nielsen ýttu henni úr vör vorið 2023 og hafa fengið hingað rjómann af íslensku tónlistarfólki sem halda tónleika síðasta föstudag í apríl ár hvert í ýmsum stofum og húskynnum í miðbæ Vestmannaeyja. Árið 2025 var hátíðin haldin í 15 heimahúsum með 15 listamönnum og voru gestir hátíðarinnar um 500 talsins. Miðasala á hátíðina fer fram í febrúar ár hvert og byrjað er að kynna listamenn í lok janúar ár hvert. Uppselt hefur verið á allar hátíðirnar hingað til.

Glacier Guys, Hljómei og Kótelettukvöldið heiðruð

Eins og stundum áður var við afhendingu Fréttapýramíðanna vakin athygli á framtaki sem skiptir máli fyrir Vestmannaeyjar. Að þessu sinni voru það hljómsveitin Glacier Guys, Kótelettukvöldið og Hljómei sem fengu blómvendi sem Annika Vignisdóttir, aðstoðarritstjóri afhenti fyrir hönd Eyjafrétta.

Drengjabandið Glacier Guys, skipa söngfluglarnir Hannes Gústafsson, betur þekktur sem Hanni harði, Theódór Sigurbjörnsson, einn harðasti hornamaður íslensks handbolta og Friðrik Már Sigurðsson sem sækir sönghæfileikana til afa síns og nafna. Sinna dúka- og flísalögn dagsdaglega en hafa vakið mikla athygli fyrir einstaka



túlkun á þekktum lögum og öll innkoma fer til góðgerðarmála. Hafa þeir með aðstoð fyrirtækja safnað rúmum fjórum milljónum króna.

Kótelettukvöldið, er orðið eitt af föstum liðum í skemmtanalífi

þar sem fólki gefst tækifæri á að snæða kótelettur upp á gamla mátann og styrkja gott málefni í leiðinni. Líka er boðið upp á laufflétt skemmtiatriði og hafa vinsældir aukist með hverju árinu. Samtals hafa kvöldin gefið af sér

7.185.500 krónur sem hafa runnið til líknarmála og styrktarfélagi.

Tónlistarhátíðin Hljómei er góð viðbót við fjölbreytta tónlistarflóru Vestmannaeyja. Guðmundur Jóhann Árnason og Birgir Nielsen ýttu henni úr vör vorið 2023 og hafa fengið hingað rjómann af íslensku tónlistarfólki sem halda tónleika síðasta föstudag í apríl ár hvert í ýmsum stofum og húskynnum í miðbæ Vestmannaeyja. Árið 2025 var hátíðin haldin í 15 heimahúsum með 15 listamönnum og voru gestir hátíðarinnar um 500 talsins. Miðasala á hátíðina fer fram í febrúar ár hvert og byrjað er að kynna listamenn í lok janúar ár hvert. Uppselt hefur verið á allar hátíðirnar hingað til.

Heiðurshjónin Hjalti og Vera Björk ≡ Eyjafólk ársins 2025

Verið fyrirmyndir í þjónustu, seiglu og samfélagslegri ábyrgð

≡ Óeigingjarnt starf, mannúð og ómetanlegt framlag til samfélagsins



ÓMAR GARÐARSSON
omar@eyjafrettir.is

„Tilnefningin Eyjamaður ársins er veitt þeim einstaklingum sem hafa lagt sitt að mörkum og verið áberandi í samfélaginu hér í Eyjum. Tveir einstaklingar hlutu viðurkenninguna í ár, heiðurs-hjónin Hjalti Kristjánsson læknir og Vera Björk Einarasdóttir hjúkr-unarfræðingur, sem eru Eyjafólk ársins að mati ritstjórnar Eyja-frétta,“ sagði Annika Vignisdóttir, aðstoðarritstjóri Eyjafrétta við afhendingu Fréttapíramídanna föstudaginn 16. janúar sl.

„Þau hafa í áraraðir sinnt störfum sínum af mikilli alúð og fagmennsku og verið traust bakland fyrir sjúklinga, aðstandendur og samstarfsfólk sitt, hann sem læknir og hún sem hjúkrunarfræðingur. Þá hafa þau einnig tekið virkan þátt í leik og störfum samfélagsins og gefið af sér á sviði íþróttar, kirkjunnar og annara félagsstarfa. Eyjafólk ársins 2025 eru hjónin Hjalti Kristjánsson læknir og Vera Björk Einarasdóttir hjúkrunarfræðingur,“ sagði Annika og kallaði þau upp. Með Fréttapíramídanum 2025 er þeim þakkað fyrir óeigingjarnt starf, mannúð og ómetanlegt framlag til samfélagsins.

Fyrirmyndir

Hjalti hefur sameinað læknisstörf og óeigingjarna þjónustu við íþróttahreyfinguna á einstakan hátt. Sem heimilislæknir hefur hann sinnt íbúum Eyja af fagmennsku, festu og hlýju, en samhliða því hefur hann í rúm 30 ár verið burðarás í knattspyrnustarfi KFS – sem þjálfari, leiðtogi og hvata-maður ungs fólks. Framlag hans til íslenskrar knattspyrnu, jafnt innanlands sem með landsliðum og ÍBV, hefur verið afar mikilvægt og svo sannarlega skipt máli.

Vera Björk hefur um áratugi verið traust stöð í heilbrigðis- og velferðarstarfi Vestmanna-eyja. Sem hjúkrunarfræðingur og skólahjúkrunarfræðingur hefur hún snert líf ótal barna, fjölskyldna og einstaklinga með nærgætni, fagmennsku og einlægri umhyggju. Félagslegt starf hennar, meðal annars innan kirkju- og batastarfs, hefur haft



Eyjafólkið 2025, Vera Björk og Hjalti Kristjánsson. Ljósmyndir: Guðmundur Gíslason

djúpstæð og jákvæð áhrif á samfélagið og hjálpað mörgum að feta nýja og betri leið.

Saman hafa Hjalti og Vera Björk verið fyrirmyndir í þjónustu, seiglu og samfélagslegri ábyrgð. Framlag þeirra er órjúfanlegur hluti af sögu Vestmannaeyja og hefur auðgað bæjarfélagið á margvíslegan hátt.

Hjalti Kristjánsson og Vera Björk Einarasdóttir hafa í áratugi verið áberandi og virkir þátttakendur í samfélagi Vestmannaeyja – hvort sem það er á heilsugæslunni, í íþróttum eða í öflugum félagsstarfi. Fyrir það eru þau að mati ritstjórnar Eyjafrétta Eyjafólk ársins og verðugir handhafar Fréttapíramíðans 2025.

Læknir með marga hatta

Hjalti á að baki fjölbreyttan bakgrunn. Hann hefur búið víða, meðal annars í Svíþjóð, Keflavík, Reykjavík og Patreksfirði, áður en Eyjarnar urðu hans heimili. Læknisfræðin liggur í ættinni – faðir hans, Kristján Sigurðsson, var skurðlæknir lengst af í Keflavík og sinnti einnig störfum í Eyjum undir lok ferilsins.

Eftir nám í Menntaskólanum

við Hamrahlíð lá leiðin í læknisfræði. Kándíðatsárið tók Hjalti í Vestmannaeyjum 1985 til 1986 og hélt síðan til Svíþjóðar í sérnám í heimilislækningum. Árið 1990 flutti hann aftur til Eyja og hefur starfað þar sem heimilislæknir allar götur síðan – orðinn ómis-sandi hluti af heilbrigðisþjónustu bæjarins og samfélagsins í Eyjum.

Samhliða læknisstarfinu hefur Hjalti átt einstakan feril í knattspyrnu. Hann hóf þjálfun 1992 hjá Amor, sem síðar varð Framherjar og loks KFS. Hefur verið aðalþjálfari félagsins í tugi ára. Í raun hefur hann varla misst úr leik í meira en 30 ár. Síðustu ár hefur verið framkvæmdastjóri félagsins og stutt þjálfara sem hafa stýrt liðinu. – Ótrúlegur stöðugleiki og tryggt.

Hjalti hefur einnig starfað sem læknir hjá U21 landsliði karla í um áratug, sinnt verkefnum með A-landsliði kvenna og verið læknir hjá ÍBV í mörg tímabil. Hann var meðal annars læknir „gullkynslóðarinnar“ á uppleið.

Getraunastarf KFS, sem Hjalti hefur stýrt í áratugi, hefur skilað ótal „titlum“. Félagið er það eina á landinu sem hefur orðið Íslands-

meistari í öllum getraunadeildum – og tekjurnar hafa skipt sköpum fyrir starfsemi félagsins og uppleldi ungra drengja í íþróttum.

Unnið til góðs

Vera Björk ólst upp í Reykjavík, Garðahreppi og Seltjarnarnesi. Hún nam við Menntaskólann í Reykjavík (MR) og lauk hjúkr-unarnámi frá Hjúkrunarskóla Íslands. Hún hefur starfað við Heilsugæslu Vestmannaeyja og sem skólahjúkrunarfræðingur í grunnskólanum í Vestmannaeyjum í um 30 ár – þar sem kynslóðir barna og foreldra hafa notið umhyggju hennar og fagmennsku.

Vera Björk sótti sér einnig diplómu í sálsgæslu, sem hefur nýst henni vel, bæði í starfi og í fjölbreyttu félagsstarfi. Hún hefur setið í safnaðarnefnd Landakirkju, verið Vinur í bata á andlegu ferðalagi 12 sporanna í Landakirkju í 25 ár og þannig hjálpað fjölda fólks að finna betri föttestu í lífinu. Auk þess hefur hún lengi verið virkur félagi í Oddfellow og Aglow, þar sem hún leggur sitt af mörkum í samfélagi sem byggir á samkennd, trú og mannlegum tengslum.

Frá hugmynd að fullum rekstri

≡ Hröð og metnaðarfull uppbygging ≡ Markmiðin skýr

≡ Að efla Vestmannaeyjar ≡ Starfsmönnum fjölgað úr 19 í 96



ÓMAR GARÐARSSON
omar@eyjafrettir.is

„Á örfáum árum hefur Laxey farið frá hugmynd að fullburða rekstri. Samstarf Daða Pálssonar og Hallgríms Steinssonar sem hófst með spjalli byggði frá fyrstu stundu á skýrri framtíðarsýn, tæknilegri þekkingu og trausti. Hugmyndin kviknaði 2019, félagið var stofnað 2021 og framkvæmdir hófust 2022. Í dag er fyrsti áfangi í fullum rekstri, annar í byggingu og framleiðslan komin af stað með miklum glæsibrag þar sem 98,5% framleiðslunnar fara í hæsta gæðaflokk.“ sagði Ómar Garðarsson, rittjóri Eyjafréttar þegar hann afhenti fulltrúum Laxeyjar Fréttapýramíðann við athöfn í Eldheimum.

Verkefnið er það stærsta sem ráðist hefur verið í í Vestmanna-

eyjum, með áætlaða heildarframleiðslu upp á 42.000 tonn á ári og fjárfestingu upp á um 100 milljarða króna. Starfsmönnum hefur fjölgað úr 19 í 96 á tveimur árum og uppbyggingin hefur skapað bæði störf og ný tækifæri. Bakhjarlinn er fjölskylda Sigurjóns Óskarssonar fyrrum útgerðarmanns og skipstóra og markmiðin eru skýr, að efla Vestmannaeyjar og skapa ný störf með öflugum fólki.

Eigandahópurinn endurspeglar þessa blöndu staðfestu og alþjóðlegrar reynslu: Fjölskylda Sigurjóns á um 38%, alþjóðlegir fjárfestar 22%, íslenskir lífeyrisjóðir um 20 % og aðrir einkafjárfestar 20%.

„Saga Laxeyjar sýnir hvað er hægt að gera þegar hugrekki, þekking og samvinna fara saman – og framtíðin er rétt að byrja.“ sagði Ómar og bað Daða, Hallgrím og guðföðurinn, Sigurjón Óskarsson að taka við viðurkenningunni.



Daði, Hallgrímur og Sigurjón eru mennirnir að baki Laxeyjar.

FÍV ≡ Framlag til menntamála 2025

Áhersla á að mennta hæft fólk fyrir samfélagið

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum hefur markað sér sterka stöðu í iðn- og verkmenntun með námi sem tengir fræðilega þekkingu beint við raunveruleg verkefni í atvinnulífinu. Í nánú samstarfi við fyrirtæki og stofnanir í Vestmannaeyjum öðlast nemendur verklega færni, fagmennsku og gæðavitund sem nýtist strax á vinnumarkaði. Skólinn hefur lagt ríka áherslu á að mennta hæft starfsfólk fyrir samfélagið og skapa raunhæfa framtíðarmöguleika fyrir unga Eyjamenn. Viðurkenning með Íslensku menntaverðlauninum 2025 undirstrikar þann árangur og þá mikilvægu sýn sem liggur að baki starfi skólans.

Helga Kristín Kolbeins, skólameistari
FÍV og Thelma Gísladóttir, aðstoðarskólameistari taka við viðurkenningu Eyjafréttar.



Svona hefð og svona stund styrkir samfélagið

Thelma Björk Gísladóttir, aðstoðarskólameistari Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum, flutti hátíðarræðu við afhendingu Fréttapýramíðanna í Eldheimum. Þar lagði hún áherslu á mikilvægi þess að staldra við, sýna þakklæti og gera sýnileg þau framlög sem styrkja samfélagið til lengri tíma. Ræðu sína hóf Thelma á orðinu „takk“ og minnti á að viðurkenning og þakklæti skipti máli, bæði fyrir þá sem fá slíkar viðurkenningar og samfélagið í heild. Hún sagði að þótt lífið væri oft á miklum hraða væru svona stundir nauðsynlegar til að rifja upp hvað það væri sem raunverulega byggði upp sterkt og samstillt samfélag. Fréttapýramíðinn væri táknað, að hennar mati, þar sem hann stæði á traustum grunni og minnti á seiglu, úthald og árangur sem yrði aðeins til með stöðugri vinnu. Hann minnti jafnframt á að samfélag byggðist ekki upp af sjálfu sér heldur af fólkinu sem tæki ábyrgð, sýndi samstöðu og legði sitt af mörkum – oft án þess að vera í sviðsljósinu. Með Fréttapýramíðanum hlaut skólinn viðurkenningu fyrir framlag sitt til menntunar og menntamála í Vestmannaeyjum en hann hlaut jafnframt Íslensku menntaverðlaunin 2025. Thelma lagði áherslu á að slík viðurkenning snerist sjaldnast um eitt ár heldur heildarmyndina: stöðugleika, ábyrgð og það að mæta aftur og aftur þegar á reynir. Að lokum ræddi hún mikilvægi fyrirmýnda fyrir ungt fólk og sagði að Fréttapýramíðinn sendi skýr skilaboð til næstu kynslóða – að árangur byggist á vinnu, samstöðu og því að láta verkin tala. „Svona hefð og svona stund styrkir samfélagið,“ sagði hún að endingu og þakkaði öllum sem standa að viðburðinum og þeim sem hafa hlotið viðurkenninguna í gegnum árin.



Thelma Björk Gísladóttir, aðstoðarskólameistari FÍV.

Margrét Lára ≡ Fyrir framlag til íþróttar

Markahæst í sögu íslenska landsliðsins

≡ Alls 207 mörk í 143 leikjum í efstu deild á

Íslandi ≡ Skoraði 18 mörk í 21 bikarleik og 21 mark í tólf Evrópuleikjum



KRISTÍN ERNA SIGURLÁSDÓTTIR
kristin@eyjafrettir.is

„Ágætu gestir. Það er mér mikill heiður að afhenda Margréti Láru Viðarsdóttur, knattspyrnukonu Fréttapýramíðann 2005 fyrir framlag til íþróttar. Margrét Lára hefur markað djúp spor í íslenskrí knattspyrnu-sögu bæði með afrekum sínum og góðu fordæmi,“ sagði Ómar Garðarsson, ritstjóri þegar hann afhenti Margréti Láru viðurkenninguna í Eldheimum að viðstöddu fjölmenni.

Margrét Lára er Eyjakona. Hér ólst hún upp, tók sín fyrstu skref í knattspyrnu og sýndi snemma einstaka hæfileika. Í Vestmannaeyjum hófst ferill sem einkenndist af dugnaði, ósérhlífni, metnaði og óbilandi trú á eigin getu.

Hún lék sinn fyrsta meistara-flokksleik aðeins 14 ára, fyrsta A-landsleik 16 ára og lék bæði hér á landi og erlendis með frábærum árangri. Lék í sterkustu deildum Evrópu og titlarnir eru margir heima og erlendis. Síðast en ekki síst er Margrét Lára markahæsti landsliðsmaður Íslands frá upphafi – afrek sem stendur sem vitnisburður um einstakan feril.

Saga Margrétar Láru er ekki aðeins saga marka og titla, heldur einnig mótlætis, seiglu og hugrekks eins og kemur fram í bók hennar og Bjarna Helgasonar, Margrét Lára -Ástríða fyrir leiknum sem kom út á síðasta ári. Þar miðlar hún af einlægni reynslu sinni og veitir öðrum innblástur og kjark.

Eftir að keppnisferlinum lauk árið 2019 hefur hún haldið áfram að leggja sitt af mörkum sem sálfræðingur, fræðari og fyrirmynd.

„Fréttapýramíðarnir eru veittir þeim sem hafa haft varanleg áhrif á samfélagið. Það á svo sannarlega við hér. Margrét Lára Viðarsdóttir – innilega til hamingju og takk fyrir ómetanlegt framlag,“ sagði Ómar.



Margrét Lára Viðarsdóttir.

Í meistaraflokki 14 ára

Margrét Lára spilaði upp alla yngri flokka ÍBV og Týs og var komin inn í meistaraflokk ÍBV aðeins 14 ára gömul. Hún vann titla með öllum yngri flokkum félagsins og varð bikarmeistari með ÍBV í meistaraflokki árið 2004. Margrét spilaði þar á eftir fyrir Val og vann þar fjölmarga titla sem og einstaklingsverðlaun áður en hún hélt út í atvinnumennsku. Erlenlis lék hún með Potsdam turbine og Duisburg í Þýskalandi, og Kristianstad og Linköping í Svíþjóð. Margrét kom heim aftur árið 2016 og lék með Val til ársins 2019 þegar hún lagði skóna á hilluna.

Margrét Lára varð fjórum sinnum Íslandsmeistari á ferlinum, einu sinni bikarmeistari, fimm sinnum markahæst í deildinni hér heima, einu sinni í sænsku deildinni og þrisvar í Meistaradeild Evrópu.

Í 143 leikjum í efstu deild á Íslandi skoraði Margrét Lára 207 mörk. Þá skoraði hún 18 mörk í 21 bikarleik og 21 mark í tólf Evrópuleikjum. Margrét Lára á að baki 124 landsleiki og 79 mörk og er markahæst í sögu landsliðsins. Hún fór tvisvar sinnum á stórmót með landsliðinu, árin 2009 og 2013.

Margrét Lára var valin íþróttamaður ársins árið 2007.

Hefð og framtíð mætast á Fréttapýramídanum

Á Fréttapýramídanum, sem haldinn var um miðjan janúar, bauð ritstjóri Eyjafrétta, Tryggvi Már Sæmundsson, gesti velkomna og minnti á mikilvægi samfélagsins, samstöðu og öflugrar fjölmiðlunar. Hér fer stytt útgáfa af ræðu hans.

Það er ánægjulegt að standa hér í upphafi árs og bjóða ykkur velkomin á Fréttapýramíða Eyjafrétta. Þetta er samkoma sem minnir okkur á hversu dýrmætt það er að tilheyrja þessu samfélagi – að staldra við, horfa yfir farinn veg og hefja nýtt ár með jákvæðum formerkjum.



Tryggvi Már Sæmundsson, ritstjóri.

Fréttapýramíðinn hefur í 35 ár verið fastur liður í upphafi árs hjá

Eyjamönnum. Hér heiðrum við fólk og fyrirtæki sem hafa haft áhrif með vinnu, ábyrgð og elju – oft án mikils hávaða, en alltaf með raunverulegu framlagi.

Vestmannaeyjar eru kannski ekki stórar að flatarmáli, en þær eru stórar að krafti. Hér þekkjum við hvert annað, styðjumst að og tökum eftir þegar vel er staðið að verki. Fréttapýramíðinn er einmitt vettvangur til að segja: þetta skiptir máli.

Í dag veitum við viðurkenningar í fjórum flokkum: fyrir framlag til menningar eða menntamála, atvinnuuppbyggingar, íþróttar og fyrir einstakt framlag til sam-

félagsins – Eyjamann ársins. Allir sem hér eru heiðraðir eru fyrirmyndir vegna þess hvernig þau nýta hæfileika sína í þágu heildarinnar.

Á sama tíma og við heiðrum fólk í samfélaginu opnar Eyjasýn, útgáfufélag Eyjafrétta, nýja og uppærða fréttavefsíðu. Mikill lestur undanfarin ár sýnir að þörfin fyrir öfluga, sjálfstæða fjölmiðla er raunveruleg – ekki síst í litlu samfélagi.

Þannig mætast hér hefð og framtíð. Ég þakka Vestmannaeyjabæ fyrir gott samstarf og óska ykkur öllum farsældar á nýju ári.

Fréttir sem snerta okkur sem hér búum

Guðmundur Jóhann Árnason, stjórnarformaður Eyjasýnar, flutti ræðu við afhendingu Fréttapýramíðanna og fjallaði um stöðu og mikilvægi héraðsmiðla í krefjandi fjölmiðlaumhverfi. Hann sagði ekki blása byrlega í heimi fjölmiðla, þar sem samkeppni um auglýsingatekjur, falsfréttir og aukin skautun setji mark sitt á umræðuna. Í slíku umhverfi skipti dýpt og nærvera héraðsmiðla sköpum.

„Við erum að fjalla um nágranna okkar, vinnufélaga, fjölskyldur og vini. Við erum að fjalla um málefni sem tengjast börnunum okkar, eldri borgurum, fyrirtækjunum okkar og stofnunum. Þegar eitthvað gerist í Vestmannaeyjum, þá snertir það okkur öll. Það setur því sérstaka ábyrgð á fjölmiðla að vera nákvæmir, sanngjarnir og mannlegir. Eyjafréttir er þannig fjölmiðill. Miðill sem stendur með samfélaginu, jafnvel, og ekki síst, þegar umræðan er erfið,“ sagði Guðmundur og lagði áherslu á að í Vestmannaeyjum fjalli fjölmiðlar um fólk sem býr saman, vinnur saman og deilir sömu kjörum. Það kalli á mikla ábyrgð, nákvæmni og sanngirni í allri umfjöllun. Eyjafréttir væru dæmi um miðil sem stæði með samfélaginu, einnig þegar umræðan væri erfið.

Hann rakti uppbyggingu Eyja-



Guðmundur Jóhann Árnason, stjórnarformaður Eyjasýnar

frétta á síðustu tveimur árum, þar sem sameining miðla, ný stjórn, endurnýjuð vefsíða og nýtt vörumerki hafi styrkt stöðu miðilsins. Útgáfu blaðsins hafi verið breytt með aukinni áherslu á dýpri umfjöllun og fjölbreytt efni, samhliða vaxandi áskrifendahópi.

Þá sagði Guðmundur Fréttapýramíðana snúast um gildi – að staldra við, viðurkenna jákvætt framlag einstaklinga og byggja samfélag sem standi saman til framtíðar. Lokaorðunum beindi hann til starfsfólks sem hann þakkaði vel unnin störf.

Byggjum brýr – Ekki vegg

„Heil og sæl og gaman að sjá ykkur svona mörg – það er viðurkenning á því sem við erum að gera. Fjölmiðlar eru alltaf á tímamótum og má segja að rúmlega þriggja ára uppbygging Eyjafrétta, bæði blaðs og vefs, sé nú á lokasprettinum – og hún hefur tekist vel,“ sagði Ómar Garðarsson ritstjóri Eyjafrétta.

Hann sagði marga hafa lagt hönd á plóg og eins og komið hefði fram í máli Tryggva Má. „Getum við sem að þessu komum, starfsfólk, eigendur og Eyjamenn allir, verið stolt af því að hér séu öflugir miðlar. Fyrir mig, 76 ára gamlan, eru það forréttindi að fá að vera með – og fyrir það er ég innilega þakklátur.“

Ekki sagðist Ómar ætla að ræða landspólitíkina, hún væri skrátnari en nokkru sinni. „Ég er hins vegar nokkuð sáttur við bæjarpólitíkina þar sem Íris og Eypór fara með forystuna ásamt öflugum bæjarsjórnarfólki sem fær góða einkunn hjá mér – hvort sem er í litum eða bókstöfum.“

Ómar sagði íslenskt skólakerfi hafa verið í blindflugi síðustu ár, eins og kannanir sýna. „En í Grunnskóla Vestmannaeyja logar kyndillinn, Kveikjum neistann, skært. Þar er skilað frábærum árangri og GRV á hrós skilið.“

Það er ekki einfalt að vera unglingur í dag, en upp til hópa er þetta flott fólk – duglegt, áhugavert og skemmtilegt. Vandinn liggur ekki hjá þeim heldur í kerfinu. Ungt fólk hefur alltaf staðið frammi fyrir áskorunum. Mín kynslóð byrjaði að drekka af snemma, reykti of mikið



Ómar Garðarsson, ritstjóri.

og upplifði fyrstu bylgju eiturlyfja. Við upplifðum líka ógnir – náttúruvá og heimsmaal. Ég man Kúbu-deiluna 1962 þegar heimurinn hékk á barmi kjarnorkustríðs. Þannig var lífið – og þannig er það enn: það gengur í bylgjum.

En í dag erum við hér til að veita viðurkenningar þeim sem hafa gert Vestmannaeyjar að betri stað. Framhaldsskólinn hlaut Menntaverðlaunin 2025 sem er mikil viðurkenning. Læknishjónin Hjalti og Vera Björk hafa með störfum sínum skipt sköpum fyrir bæinn. Margrét Lára er sannkölluð fótboltadrottning Íslands – og Laxey eitt áhugaverðasta fyrirtæki landsins.

Þetta gerist bara í Vestmannaeyjum – og fyrir það eigum við að vera þakklát,“ sagði Ómar nefndi næst að í ár eru 40 ár síðan hann kom fyrst að Fréttum, síðar Eyjafréttum. „Og hér er ég enn. Hvort ég verð með að ári kemur í ljós, en ég er óskaplega þakklátur fyrir að fá að vera með. Og að lokum vil ég tileinka mér orð Sólveigar Önnu: Byggjum brýr – Ekki vegg.“

Birgir Nielsen um tónlistina og lífið á skólabekk

≡ Áhuginn á iðnnáminu kviknaði eftir framkvæmdir



ANNIKA
VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

Birgir Nielsen hefur starfað við tónlist og kennslu um árabíl og er vel þekktur í menningar- og tónlistarlífi Vestmannaeyja. Hann hlaut titilinn bæjarlistamaður Vestmannaeyja 2024 og kennir nú í Tónlistarskóla Vestmannaeyja. Samhliða tónlistinni hefur hann á síðari árum stundað nám við FÍV í iðngreinum. Í viðtalinu ræðir Birgir um uppvöxt sinn í tónlistinni, hljómsveitarferilinn, kennsluna, námið á fullorðinsárum og þau fjölmörgu verkefni sem hann hefur unnið að.

Biggi eins og hann er kallaður er fæddur og uppalinn í Breiðholti, en flutti til Eyja árið 2010 ásamt fjölskyldu sinni. Birgir segist hafa verið ungur að árum þegar hann féll fyrir tónlistinni. Þaðir hans var söngvari og gítarleikari og spilaði meðal annars með hljómsveit Hauks Morthens auk eigin hljómsveita. Birgir byrjaði snemma að fara með föður sínum á æfingar og varð strax heillaður. „Ég heillaðist strax af trommum og trommusettið var það eina sem komst að, ég hafði engan áhuga á gítar eða slíku sem pabbi var að fást við.“ Pabbi var farinn að mæta á fyrr á æfingar svo ég gæti komið með og stolist í trommusettið.

„Seinna meir, eða um átta ára gamall fór ég svo í einkatíma að læra á trommur, bæði hjá Benna Páls og Gvendi Steingríms. Ég fór ekki strax í hefðbundinn tónlistarskóla og var í raun hinn týpíski bílskúrgaur í allskonar hljómsveitum.“

Birgir segir æskuna í Breiðholti hafa verið góða og að tónlistarbraskið standi þar upp úr. Hann rifjar upp þá tíma þegar hann og félagar hans voru að taka strætó niður í bæ að kaupa hljóðfæri til að geta hist eftir á og spilað. Sjálfur bjó hann í blokk í Íðufellinu á þessum tíma og áður en hann settist við trommusettið þurfti hann að athuga hvort nágrannarnir fyrir ofan og neðan væru heima. „Þetta var ævintýri og manni fannst þetta ekkert mál á þeim tíma,“ segir hann.



Biggi ásamt eiginkonu sinni, Kolbrúnu Önnu. Með þeim á myndinni er hundur þeirra, Trommi.

„Ég heillaðist strax af trommum og trommusettið var það eina sem komst að, ég hafði engan áhuga á gítar eða slíku sem pabbi var að fást við.“

Hljómsveitarferillinn hefst fyrir alvöru

Birgir var aðeins 16 ára gamall þegar hann var byrjaður að spila á böllum og var 19 ára þegar hann var í hljómsveitinni Vinir Vors og Blóma, sem varð vinsæl á einni nóttu. Í kjölfarið opnuðust ýmis tækifæri og fór hann meðal annars að spila með Landi og Sonum, auk þess að taka þátt í fjölbreyttum tónlistarverkefnum.

Biggi byrjaði seinna meir að kenna í Tónlistarskóla Vestmanna-

eyja sem hann segir mjög ánægjulegt og skemmtilegt starf. Hann segir nemendur ólíka og það sé oft mikil sálfræði á bakvið starfið. „Í tónlistarnámi þarf maður þarf að veita og meta hvern nemanda fyrir sig, það er misjafnt hvað virkar fyrir hvern og einn. Það er ekki hægt að fara sömu leið með alla.“

Við þurfum bæði að ná að hafa aga en á sama tíma halda áhuganum og ánæggunni og það er æðislegt að sjá þessa krakka vaxa

og blómstra, þetta er mjög gefandi starf. Ég held að við í tónlistarskólanum getum verið stolt af náminu og skólanum. Það eru 120 nemendur hjá okkur og svo er kennsla inn í grunnskólunum líka.“

Biggi segir tónlistina alltaf hafa fylgt sér, hann ætlaði sér alltaf að verða trommari og eyddi öllum stundum sínum í að tromma og teiknaði meðal annars trommusett í skólanum og frístundum. Biggi fór í Tónlistarskóla FÍH 17 ára gamall í tvö ár og lærði hjá Reyni Sigurðssyni sem var mikils metinn í íslenskri tónlist. „Hann kenndi mér helling og kom mér inn í tónfræðina, en á þeim tíma vantaði mig aga, var þínu erfiður og vildi fara mínar eigin leiðir. Ég ætlaði mér aldrei aftur í skóla að neinu tagi,“ segir Biggi og hlær, en raunin varð svo allt önnur.“

Húsasmíðin kallaði á hann

Í dag hefur Biggi setið á skólabekk í sex ár, en hann tók ákvörðun um að skella sér í nám á covid tímanum og það var Kolla konan hans sem hvatti hann áfram í það.

„Kolla, konan mín, hvatti mig áfram, en hún fór sjálf frekar seint í nám. Ég fann mig aldrei í skóla, en þarna sá ég tækifæri og húsasmíði varð fyrir valinu. „Ég hef alltaf haft gaman af því að vinna með höndunum og sjá eitthvað verða til, þetta er í raun svipað og í tónlistinni, þú byrjar með eitthvað frá grunni og byggir það smám saman upp.“

Áhuginn á húsasmíðinni kviknaði eftir að hafa sjálfur verið í framkvæmdum. „Ég hef gert upp íbúðir og hús sem við höfum átt og haft mjög gaman að því.“

Biggi sótti upphaflega um fjarnám í húsasmíði í Tækniskólanum, en á þeim tíma voru margir umsækjendur og hann komst ekki inn. Á sama tíma var FÍV að setja upp nám í múraranum og ákvað Biggi að sækja um í það, kemst inn og ákveður að prófa. „Þarna átti ég eftir öll grunnfögin svo ég byrja á að taka þau, klára þau og fer svo í múraranámið. Björssi kennarinn okkar var alveg frábær, hann kom hingað yfir og kenndi í lotum. Við fórum á ýmsa byggingastaði og flísalögðum, flotuðum og allt svoleiðis.“ Biggi klárar múrarann og á meðan hann er í náminu er sett á nám í

húsasmíðinni í FÍV, sem var alltaf upphaflega planið hans. „Ég skrái mig í kjölfarið beint í það og er ég að klára það núna í vor og ég var að byrja í meistaranáminu. Skólinn heldur því bara áfram hjá mér núna, samhliða vinnunni.

Maður er sífellt að bæta sig, læra og þróast og það er líka gott fyrir mann að kynnast nýju fólki. Skólinn er afar verðmætur, þar sem hann veitir tækifæri og eflir einstaklinga. Biggi bætir við að hann hefði aldrei komist í gegnum þetta hefði hann ekki haft svo góðan vinnuveitanda, yfirmann og nemendur.

Komið til móts við fólk á vinnumarkaði

Biggi segist vilja nota tækifærið til að hrósa samfélaginu hér í Eyjum, ásamt FÍV fyrir hvernig þau setji upp námið og komi til móts við fólk á vinnumarkaði. „Námið er kennt í lotum og þegar lotur standa yfir einbeittir maður sér alfarið að náminu, sem er mjög hentugt þegar maður er í fullri vinnu, með aukavinnu og fjölskyldu.”

Aðspurður hvort honum hafi þótt erfitt að byrja í skóla svona seint jatar Biggi því og segir það hafa verið „drullu erfitt” en líka þínu myndi því hann hafi í byrjun setið á skólabekk með nemendum sínum úr tónlistarskólanum.

„Mér fannst það fallett, maður sat í stærðfræði og dönsku tímum með nemendum sínum og svo hitti maður þá upp í tónlistarskóla og spjallaði við þá verkefni í FÍV. Ég held við þrífumst best á því að fá smá ögrun og hrista aðeins upp í rútínunni okkar og gera eitthvað annað en við erum vön.”

Vendipunkturinn í náminu segir Biggi hafa verið þegar hann uppgötvaði að nám væri í raun

bara vinna, hann segist ekki hafa litið á það þannig þegar hann var yngri en segir breytt hugfar skipta sköpum og bendir á sjálfstraust og að trúin á eigin getu sé einnig afar mikilvæg. „Ég held að margir glími við skort sjálfstrausti og tel að það sé eitthvað sem við ættum að vinna með og reyna að bæta,” einnig þyki honum skipta máli að kennararnir séu hvetjandi og styðjandi við nemendur.

Þegar kemur að því að slaka á segir Biggi að hann finni helst fyrir ró í útivist og göngum með hundinum, auk gæðastunda fjarri hljóðfærum og öðru slíku. Hann nefnir jafnframt að Vestmannaeyjar séu mikið forskot, þar sem ekki þurfi að hafa áhyggjur af umferð eða slíku.

Margir boltar á lofti


Það má með sanni segja að Biggi sé með marga bolta á lofti og sinni fjölbreyttum verkefnum. Samhliða námi hefur hann verið í fullu starfi og sinnt ýmsum tónlistartengdum verkefnum. Hann stóð meðal annars fyrir tónleikum Skonrokk í Háskólabíói í nóvember síðastliðnum, í tilefni af 15 ára afmæli sveitarinnar.

Auk þess hefur hann unnið að áhugaverðu hvalaverkefni þar sem tónlist er sköpuð út frá hvalahljóðum. Í tengslum við verkefnið kom út plata á síðasta ári og voru einnig haldnir tónleikar í sundlauginni, í samstarfi við Frosta Gísla hjá FabLab. Verkefnið var unnið í samstarfi við FabLab og Háskóla Íslands og segist Biggi hafa mikla trú á áframhaldandi þróun þess. Til stendur að halda tónleika í hvalasafninu og heimsækja fleiri sundlaugar með sýninguna, þar sem tónlist, mynd og hljóð eru samofin. Notaðir voru neðansjávar hátalarar sem gera gestum kleift að upplifa hvalahljóðin ofan í sundlauginni og svo er lifandi tónlist á bakkanum með hljómsveit.

Nýjasta verkefnið sem hann hefur verið að er samstarf hans við hljómsveitina YouYou, þar sem nýtt lag var sent frá þeim



Flottur hópur. Hér má sjá nemendur í múraranáminu ásamt kennara og prófdómara. Frá vinstri: Konstantinas, Albert, Ásmundur prófdómari, Bjóssi kennari, Sindri og Biggi.



Biggi ákvað að skella sér beint í húsasmíðina þegar múraranáminu var lokið.

í sameiningu. Um var að ræða samstarfsverkefni Bigga Nielsen og YouYou. Þá mun Biggi einnig taka þátt í tónleikaferðalagi með Eyjahljómsveitinni Gosunum, ásamt Einari Ágústi þar sem farið verður hringinn í kringum landið og fluttir verða textarnir hans Jónasar Friðriks.

Hljómey

Næst á dagskrá í tónlistinni er svo að halda tónlistarhátíðina Hljómey, sem hann og Guðmundur Jóhann standa fyrir. Aðspurður hvernig hugmyndin af Hljómey hafi kviknað segir Biggi að Gummi hafi upphaflega átt hugmyndina að því og haft sambandi við hann í kjölfarið.

„Gummi á upphaflega hugmyndina að hátíðinni og hefur í kjölfarið samband við mig. Við þekktumst ekki neitt þá, en núna fjórum árum síðar vinnum við ótrúlega vel saman og erum með ótrúlegt dæmi í höndunum.” Um er að ræða litla hátíð sem er farin að vekja mikla athygli. Margt spilar þar inn í, ekki síst samfélagið í Eyjum og eyjan sjálf.

Verandi á eyju gerir það hins vegar að verkum að skipulagningin er aðeins flóknari en víða annars staðar. Tryggja þarf að allir komist yfir, séu með gistingu og svo framvegis.

Það er gaman að sjá hátíðina vaxa og í dag er farin að myndast eftirspurn meðal listamanna að



Biggi í sínu rétta umhverfi, við trommusettið.



Biggi og Kolla, ásamt syni sínum Birgi.

koma hingað og spila á hátíðinni. Að baki hátíðinni liggja skýr grunnigildi, þar sem markmiðið er að halda henni lítt og hafa hjarta í henni, þrátt fyrir að auðvelt væri að stækka hana. Hátíðin er hugsuð sem óhagnaðardrifin og knúin áfram af hugsjón fremur en vexti.”

Biggi segir hann og Gumma, þrátt fyrir ólíkan bakgrunn, vinni afar vel saman og séu samstíga í sýn sinni á verkefnið og það sé eins og þeir hafi alltaf þekkt. Að baki hátíðinni stendur einnig öflugur hópur bakhjarla, ekki síst eiginkonur þeirra, auk fleiri aðila í samfélaginu, þar á meðal þeirra sem lána húsnæði sín, hótelin, hljóðmennirnir og dyraverðirnir.

Mikil aðsókn var að hátíðinni í fyrra og þegar miðasala fór í gang hrundi miðakerfið vegna mikils álags. Í kjölfarið hafa MiðarX sem sjá um miðana endurnýjað allan búnað sinn og fullyrða að slíkt muni ekki endurtaka sig. Að þeirra sögn var um tilviljun-arkennt atvik að ræða, þar sem kerfið fraus þegar óvenjumargir notendur voru inni á síðunni á sama tíma, samhliða uppfærslu sem fór í gang. Af þeim sökum



Meðlimir hljómsveitarinnar Skonrokk sem samsett er af hljómsveitinni Tyrkja-Guddu. Frá vinstri: Hálfán Árnason, bassaleikari, Birgir Þórisson hljómborðsleikari, Birgir Nielsen trommari, Grétar Lárus Matthíasson, gítarleikari og Sigurgeir Sigmundsson, gítarleikari.

hikstaði allt kerfið. Fyrtækið segist ætla að gera sitt besta til að koma í veg fyrir að lama ekki atvinnulíf Vestmannaeyja aftur.

Framtíðin

Biggi segist ekki hafa sett sér fast mótaðar áætlanir til framtíðar, heldur ætli hann að leyfa þeim

verkefnum sem hann sinnir að þróast á sínum eigin forsendum. Hann segist mjög ánægður í kennslunni, sem hann hefur sinnt í um 20 ár. Samhliða því lítur hann á iðnnámið sem mikilvægan þátt í framtíð sinni, bæði sem persónulega þróun og sem styrkingu á faglegum grunni hans. Námið



Skipuleggjendur Hljómeyyjar, Gummi og Biggi ásamt Herberti Guðmunds sýni fyrir miðju.

opni ný tækifæri og gefi honum aukið svigrúm til að þróa þau verkefni sem hann starfar að, án þess að hann setji sér of skýra ramma um hvert það leiðir. Að hans sögn snýst framtíðin fyrst og fremst um að halda áfram að læra, þróast og vinna að því sem veitir honum ánægju og tilgang.

Tími til kominn að taka næsta skref



TRYGGVI MÁR SÆMUNDSSON
tryggvi@eyjafrettir.is

Halldóra Kristín Ágústsdóttir hefur starfað við fasteignasölu í Vestmannaeyjum frá árinu 2021 og byggt sér upp sterka stöðu á markaðnum á þeim tíma. Nú stendur hún á tímamótum í ferlinum og hefur ákveðið að fara sjálfstætt með eigin fasteignasölu undir nafninu Eyjaeignir.

Nafnið lá beinast við

Að sögn Halldóru lá nafnið beinast við. „Ég var búin að fara marga hringi með nafn, en frá því ég byrjaði hef ég verið með heimasíðu með eignum sem ég er að selja í Eyjum og slóðin á henni er eyjaeignir.is, svo það lá beinast við að halda mig við það nafn.“

Halldóra opnaði skrifstofu í Vestmannaeyjum 1. nóvember 2021, þá í samstarfi við Fasteignasöluna Bæ, þar sem hún var í starfsnámi. „Ári seinna fylgdi ég öðrum eiganda Bæ þegar hann stofnaði fasteignasöluna Hús á Selfossi og hef síðastliðin fjögur ár átt í farsælu samstarfi við þau,“ segir hún.

Mikil reynsla að baki

Að hennar sögn hefur samstarfið verið afar dýrmætt. „Það hefur verið mjög gott fyrir mig að geta



Halldóra Kristín Ágústsdóttir, fasteignasali.

leitað til þeirra, en núna finnst mér tími til kominn að taka næsta skref og fara sjálfstætt. Ég hef öðlast mikla reynslu á þessum árum, hef alltaf séð um alla bakvinnslu sjálf og þetta liggur því nokkuð beint við.“

Halldóra segir fasteignamarkaðinn í Vestmannaeyjum hafa verið virkan síðustu ár.

„Það hefur verið nokkuð mikil

hreyfing hér í Eyjum frá því ég byrjaði. Auðvitað koma rólegri tímabil inn á milli, en aldrei þetta frost sem virðist vera á höfuðborgarsvæðinu þessa dagana. Húsnæðisverð hefur verið að hækka í Vestmannaeyjum og mikið byggt.“

Með Eyjaeignum hyggst hún halda áfram á sömu braut og áður, með áherslu á persónulega

þjónustu og markvissa kynningu eigna.

„Ég mun áfram veita vandaða og persónulega þjónustu og er dugleg að nota samfélagsmiðla í markaðssetningu. Ég tel það hjálpa mikið við auglýsingu og sölu eigna,“ segir Halldóra og bætir við að hún sé afar þakklát öllum þeim sem hafa treyst henni fyrir viðskiptum sínum.

Hún bendir jafnframt á að vefsíðan hennar, eyjaeignir.is, hafi nýlega verið endurbætt.

„Hún er nú mun notendavænni og betur uppsett fyrir bæði kaupendur og seljendur.“

Spennandi tímar framundan

Spurð um horfurnar framundan segir Halldóra að spennandi tímar séu í vændum.

„Árið fór vel af stað eftir rólegan desember og á næstu vikum förum við að kynna Áshamar 77, sem er glæsileg lyftublokk með bíla-kjallara í vesturbænum. SA Smíðar sjá um framkvæmdir og fólk er þegar byrjað að taka frá íbúðir og ég finn fyrir miklum áhuga.“

Hún nefnir einnig stærri framtíðaráform í Vestmannaeyjum. „Áform um baðlón og könnun á fýsileika ganga á milli lands og eyja eru líka virkilega spennandi og ef þetta verður að veruleika verður það að mínu mati mikil lyftistöng fyrir samfélagið í Eyjum.“

Hildur Sólveig sjúkrabjálfari:

Best að taka eitt skref í einu þegar kemur að markmiðsetningu



ANNIKA VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

Nýtt ár virðist fyrir marga marka ákveðin kaflaskil og gefa tækifæri til að líta yfir heilsu, venjur og daglega rútinu. Margir setja sér ný markmið um aukna hreyfingu, betri líðan og heilbrigðari lífsstíl. En hvað er raunhæft, hvað er skynsamlegt og hvernig förðumst við að fara of geyst af stað?

Við ræddum við Hildi Sólveigu Sigurðardóttur sjúkrabjálfa sem deilir með okkur ráðum og fjallar um algeng mistök sem fólk gerir þegar það ætlar að taka sig á og fer jafnframt yfir meiðsli, mikilvægi góðrar líkamsstöðu og tengsl andlegrar heilsu við verki.

Raunhæf markmiðasetning mikilvæg

„Ég held að margir setji sér óraunhæf markmið og ætli sér einfaldlega um of. Fólk reynir að taka of margar breytur í einu þegar það setur sér markmið og ætlar til dæmis að taka hreyfingu, svefn og næringu allt á sama tíma sem getur verið of mikið,“ segir Hildur.

Hildur notar oft sögu frá móður sinni sem dæmi um slæma markmiðasetningu. „Hún og Smári heitinn skurðlæknir fóru eitt sinn í göngu á Eldfell og mamma ákvað eftir gönguna að hún ætlaði sér að ganga upp á Eldfell á hverjum einasta degi. Þegar kom að því að framkvæma var hún fljót að detta út úr rútinu því markmiðið var einfaldlega of stórt og mikið. Nær hefði verið að ætla sér að fara einu sinni í viku.“

Hildur bendir á að ef fólk fari of geyst af stað sé hættara við að það brjóti sig niður strax í upphafi. Þá missi það trú á sjálft sig og grafi undan þeirri sannfæringu að það geti haldið markmiðunum til lengri tíma. Betra sé því að setja sér smærri markmið. Stundum getur verið gott að byrja á einu og þá fylgir annað jákvætt í kjölfarið.

Hildur tekur sjálfa sig sem dæmi og segir að hún eigi stundum erfitt með mataræðið og sykurlöngun.



Hildur veitir nemendum 10. bekkjar fræðslu um bætta líkamsstöðu árlega.

„Ég finn að ef ég set hreyfingu í forgang þá fylgir mataræðið sjálfkrafa með og verður betra.

Hildur bendir einnig á að fólk eigi ekki að vera bera sig við aðra heldur bara við sjálft sig. „Vertu þitt eigið viðmið og gerðu aðeins meira í þessari viku en síðustu og ekki einblína á hvað hinn er að gera“.

Aukin meiðslahætta ef farið er of geyst af stað

Hún segir samanburð og of miklar kröfur til sjálfs sín geti orðið til þess að fólk fari of geyst af stað, sem auki þannig hættuna á meiðslum. Það eigi sérstaklega við um fólk sem hefur ekki hreyft sig í lengri tíma.

„Við sjáum gjarnan hásinaslit eða bakmeiðsli í tengslum við þetta. Fólk finnst það vera eins og það var áður, en gleymir að taka það inn í myndina að það eru kannski tíu ár síðan það hreyfði sig af viti síðast og líkaminn hefur elst og breyst á þeim tíma. Heilinn er oft tuttugu árum yngri en kroppurinn,“ segir hún og hlær.

Hún segir svipaða hluti eiga við um fólk sem hættir snögglega í íþrótt, eins og t.d. fimleikastelpur. „Þá sjáum við gjarnan bakvandamál og ýmis óþægindi. Liðirnir eru mjög hreyfanlegir, en vöðvarnir sem eiga að styðja við þá eru ekki lengur jafnstærkir,“ segir hún. Í framhaldi af umræðunni um meiðsli segir Hildur að einfaldir

hlutir geti skipt sköpum þegar fólk er að hefja hreyfingu að nýju. Þar nefnir hún sérstaklega mikilvægi réttis búnaðar.

Skóbúnaður skipti miklu máli, til dæmis hjá fólki sem fer í fjallgöngur eða byrjar að ganga mikið. „Ef þú ert mikið að ganga á malbiki þarftu að vera í skóm með góðri dempun. Rangur skóbúnaður getur aukið álag á liðamót og stuðlað að meiðslum,“ segir hún.

Hins vegar þarf maður samt sem áður að passa að vera ekki of góður við sig og hlífa sér um of. Maður þarf alveg að vinna upp smá seiglu og styrk líka. Maður á ekki endilega að hunska óþægindi en oft er í lagi að æfa þó eitthvað smá sé að angra mann. Maður getur oftast sniðið æfingar í kringum óþægindin.

„Fólk sem kemur til okkar í sjúkrabjálfun eru t.d. frábærar fyrirmyndir, þar eru einstaklingar að glíma t.d. við erfiða sjúkdóma, verki eða afleiðingar slysa sem sýna manni hvað alvöru seigla er. Þau harka af sér í gegnum sársauka, gera æfingar og fylgja ráðleggingum og þó svo að árangurinn sé ekki alltaf sjáanlegur strax þá er það alltaf forsendan fyrir árangrinum að sinna markvissri þjálfun. Við eigum alltaf að vera efins þegar einhver reynir að selja okkur kraftaverkalausnir því alvöru árangur felst hreinlega í samvissuseminni, þú nærð bætingu með mætingu.“



Hildur Sólveig Sigurðardóttir, sjúkrabjálfari.

Hildur segir að alltaf sé hægt að finna einhvers konar hreyfingu, jafnvel þótt fólk glími við verki eða takmarkanir. Hún nefnir sund sem sérstaklega góða hreyfingu og segir það miður að sundlaugin sé búin að vera lokuð svona lengi, þar sem sund henti mörgum afar vel. „Sund er frábær hreyfing, til dæmis fyrir fólk með bakvandamál eða þá sem eru að bíða eftir liðskiptum. Þegar þú ert í sundi ertu mun léttari í hreyfingum enda dregur vatnið úr áhrifum þyngdaraflsins“ segir hún.

Öll hreyfing skiptir máli

Hún hvetur fólk til að vera opið fyrir fjölbreyttri hreyfingu og að möguleikarnir séu margir. Það þurfi ekki endilega að vera með áskrift að líkamsræktarstöð, því hægt sé að fara í göngur, sjósund eða fjallgöngur, auk þess sem fjölmargt einfalt efni sé aðgengilegt á netinu.

Hins vegar segir hún að það geti haft jákvæð áhrif að þurfa að mæta einhvers staðar og hafa félagi með sér. Slíkt geti bæði aukið hvatningu og hjálpað til við að viðhalda rútinu.

„Það eykur aðhald hjá manni sjálfum. Maður er oft tilbúnnari að svíkja sjálfan sig en aðra. Þú mætir oft frekar í ræktina fyrir vininn en sjálfan þig eins skritið og það er.“

Að hennar mati þurfi hreyfing þó ekki endilega að vera flókin eða krefjast mikils undirbúnings og margt sé hægt að gera sem geti haft gríðarleg áhrif, bæði fyrir einstaklinga og samfélagið í heild. Hildur segir að þau sem sitji í stjórn sjúkrabjálfa hafi nýverið rætt um ávinning hnébeygja hjá aldurshópnum 40+.



Hildur segir sund afar góða hreyfingu bæði fyrir þá sem glíma við verki og þá sem vilja fá góða hreyfingu.

„Ef allir 40 ára og eldri á Íslandi væru skyldaðir til að gera þrjár lotur af tíu hnébeygjum á dag, væri fjárhagslegur árlegur lýðheilsuávinningur um 2,5 milljarðar króna,“ segir hún. Æfingin styrkir rass- og lærvöðva og snýst í raun um eina mikilvægustu færni lífsins, að geta staðið upp og haldið jafnvægi.

Byltur eru algengar meðal eldri borgara en þeim geta fylgt alvarlegar afleiðingar. Hún bendir á að dánartíðni eykst verulega við mjaðmabrot og hækkar eftir því sem aldur eykst. Eitt fall á efri árum getur haft alvarlegar afleiðingar og því til mikils að vinna að styrkja fæturna sína.“

Í framhaldi af þessu ræðir Hildur einnig um einföld ráð sem fólk getur nýtt sér í daglegu lífi til að draga úr verkjum í baki, hálsi og öxlum sem sé nokkuð algengt og geti átt sér ýmsar orsakir.

Rétt líkamsbeiting mikilvæg

Hildur segir að eitt af því mikilvægasta sem fólk geti gert til að minnka neikvæð áhrif verkja tengdum baki, hálsi og öxlum sé að huga að eigin líkamsstöðu. Verkir geti átt sér margar orsakir en sama hver orsökina sé, þá getur það skipt miklu máli að huga að líkamsstöðunni almennt yfir daginn og þannig sé hægt að vinna gegn neikvæðum áhrifum og minnka álag á líkamann.

Hildur nefnir að sérstaklega sé algengt að fólk finni fyrir verkjum í herðum og hálsi, til dæmis þegar unnið er mikið við skrifborð, símanotkun hafi einnig neikvæð áhrif á líkamsstöðu. Höfuðið vegur um 4-6 kg og er í raun eins



Hægra megin má sjá hvernig hægt er að laga slæma líkamsstöðu.

og keilukúla, þegar það er ekki í réttri stöðu þurfi háls- og herðavöðvar að vinna mun meira til að halda líkamanum uppi. Ef höfuðið er hins vegar stöðugt framdregið eykst álagið verulega. „Best er að reyna að hafa höfuðið sem beinast yfir hryggnum og draga hökuna örlítið inn,“ segir hún.

Hún mælir með því að fólk sé duglegt að minna sig á að standa upp reglulega, teygja sig og ná sér í vatn. Ef kyrrseta er mikil og

lítið hugað að líkamsstöðu geti myndast spennan og jafnvel bólgan á herðum eða á baki vegna lélegs blóðflæðis. Slíkt sé þó hægt að vinna gegn með líkamsvitund, hreyfingu og einföldum æfingum.

Litlu hlutirnir skipta sköpum

Hildur segir að einfaldar hreyfingar geti skipt máli í daglegu lífi, til dæmis að lyfta öxlum, snúa hálsi og liðka sig reglulega. Hún tekur þó fram að fólk sem er við-

kvæmt eða hefur til dæmis fengið hálshnykk ætti að fara varlega og ekki teygja of mikið. „Þá er betra að liðka sig aðeins eins og maður getur og líður vel með,“ segir hún.

„Slæm líkamsstaða breytist ekki á einni nóttu, en með aukinni vitund megi smá saman ná varanlegum breytingum. Sem dæmi nefnir hún að hægt sé að nýta daglegar athafnir, eins og tannburstun, til að hugsa meðvitað um líkamsstöðu. „Þá ertu að æfa þetta tvisvar á dag, á hverjum einasta degi, og styrkir tengslin milli heilans og vöðvanna sem halda þér í réttri stöðu,“ segir hún. Hún sjálf hafi til dæmis alltaf staðið með yfirrétt hné og það tók hana um hálft ár að breyta þeirri venju. Sú breyting hafi aukið líftíma hnjóanna og gert það að verkum að hún finni síður fyrir þeim, til dæmis í hlaupum.

Hildur leggur áherslu á að fræðsla um líkamsstöðu skipti lykilmáli og segir mikilvægt að fólk fái þessa þekkingu sem fyrst. Hún hefur nú um tíu ára skeið farið inn í 10. bekk grunnskóla og rætt við nemendur um líkamsstöðu og líkamsbeitingu. Að hennar mati ætti slík fræðsla að vera hluti af námssefninu.


„Spurningin er í raun hvernig við getum látið líkamann endast sem lengst. Það er ekki bara mikilvægt fyrir okkur sem einstaklinga heldur einnig fyrir samfélagið í heild, svo ekki þurfi að verja óþarflega miklum fjármunum í eitthvað sem hægt er að koma í veg fyrir.“

Tengsl andlegrar heilsu og verkja

Sterk tengsl eru á milli andlegrar heilsu og verkja. Fólk sem líður illa andlega hefur oft lægri verkjaþröskuld en þeim sem líður vel, með því að huga að andlegri heilsu er þannig hægt að auka verkjaþol. Af þeim sökum sé gjarnan unnið markvisst með andlega heilsu samhliða líkamlegri endurhæfingu. Að hennar sögn er rútinan oft það fyrsta sem dettur út hjá fólki sem glímur við mikla eða langvarandi verki. Þá fer svefninn stundum úr takti, félagsleg samskipti minnka, líðan versnar og tilfinningin um tilgang getur farið. Þetta geti skapað ákveðinn vítahring þar sem verkir og vanlíðan ýta hvort undir annað. Andleg heilsa er því oft lykilþáttur í því að draga úr verkjum og viðhalda úthaldi í hreyfingu til lengri tíma.

Að mati Hildar snýst heilsa ekki um skyndilausnir eða stór átök, heldur um að byggja upp góðar venjur til lengri tíma. Með raunhæfri markmiðasetningu, reglulegri hreyfingu, meðvitund um líkamsstöðu og því að hlusta á líkamann megi bæta líðan og draga úr meiðslahættu.

„Það er aldrei of seint að byrja að hreyfa sig,“ segir hún að lokum.



Þjóðhátíð 2026

UPPHITUN

Háskólabíó 21. mars

Stuðlabandið

Jóhanna Guðrún · Jónsi · Emmsjé Gauti
Una og Sara · Hreimur · Magnús Kjartan

Miðasala á tix.is

